


skoðun 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk




SIEMENS
Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Fimmtudagur
8. mars 2012
58. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011



## Flóttakonurnar hetjur

*Sigríður Víðis Jónsdóttir hlaut viðurkenningu Hagþenkis fyrir bók sína Ríkisfang: Ekkert.*

**menning 30**

## 50 ára söngafmæli

*Anna Vilhjálmsdóttir heldur upp á söngafmælið á sama stað og ferillinn byrjaði, í Austurbæjarbíói.*

**tímamót 24**



## Stelpurnar í sjötta sæti

*Landsliðsþjálfarinn var sáttur við frammistöðu landsliðsins á Algarve.*

**sport 42**

### veðrið í dag




**HVASST SV-TIL** Víða suðvestan 8-15 m/s, en 10-20 m/s SV-til í kvöld. Víða él en úrkomulaust að mestu NA-til. Hiti í kringum frostmark.

**VEÐUR 4**

# Vantar 200 nýjar áætlanir vegna aðsteðjandi hættu

**Gera þarf um 200 nýjar viðbragðsáætlanir vegna hættuástands sem getur skapast á Íslandi. Nær það yfir allt frá stórum eldgosum til mengunarslysa. Aðeins eru til heildstæðar áætlanir vegna tveggja eldstöðva.**

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Gera þarf um 200 viðbragðsáætlanir vegna aðsteðjandi hættu á Íslandi, til viðbótar við þær sem fyrir eru. Aðeins eru til tvær heildstæðar séráætlanir vegna eldgosa á Íslandi svo dæmi sé tekið, vegna Kötlu og Eyjafjallajökuls.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í riti sem Almannavarnir hyggjast birta í dag um þær hættur sem steðja að einstökum landssvæðum. Það er allt undir: eldgos, snjóflóð, jarðskjálftar, óveður, mengunarslys og fleira. Verkefnið hefur verið mörg ár í vinnslu og þar er í fyrsta skipti í áratugi fengin heildarmynd af stöðu mála á Íslandi. Birtar verða sérstakar skýrslur fyrir öll fimmtán lögregluembætti landsins. Þar eru tilteknar þær hættur sem eiga við á hverju landsvæði og það metið hversu líklegt sé að vá komi upp, að því er Víðir Reynisson, sérfræðingur hjá Almannavörnum, segir.

Víðir segir fæð viðbragðsáætlana áhyggjuefni og var athygli vakin sérstaklega á því við yfirvöld. Eftir eftirleitan almannavarna hafa tveir starfsmenn verið fengnir til að sinna gerð slíkra áætlana sérstaklega.

„Við eigum almennar áætlanir vegna fleiri eldfjalla, en þær eru gamlar og að mörgu leyti úreltar,“ segir Víðir. „Það á til dæmis eftir að taka tillit til reynslu síðustu ára og annað slíkt. Það er því verið að efla almannavarnir í þessu samhengi.“

> Við eigum almennar áætlanir vegna fleiri eldfjalla, en þær eru gamlar og að mörgu leyti úreltar.
>
> **VÍÐIR REYNISSON**
> SÉRFRÆÐINGUR HJÁ ALMANNAVÖRNUM

Víðir tekur eldfjöllin Grímsvötn og Heklu sem dæmi um mjög virkar eldstöðvar sem ættu skilyrðislaust að vera til áætlanir um sem lúta að vá vegna þeirra. „Þessi svæði hljóta að vera ofarlega á forgangslistanum.“

Nú liggur fyrir að með breytingu á lögum um Ofanflóðasjóð hefur verið gert kleift að koma að fjármögnun hættumats vegna íslenskra eldfjalla til næstu þriggja ára. Slíkt mat tekur hins vegar mun lengri tíma en þrjú ár og Víðir segir að ekki verði beðið niðurstöðu þeirra rannsókna hvað varðar viðbragðsáætlanagerð. Hann tekur Reykjanes sem dæmi. Þar verði dregin upp áætlun sem byggir á því sem þegar er vitað, en mikil vitneskja liggur fyrir um fjölmörg svæði þó að hún sé á tíðum brotakennd. **- shá**



**REYKJAVÍK FOLK FESTIVAL** Tónlistarhátíðin Reykjavík Folk Festival hófst á Café Rósenberg í gær en á meðal hljómsveita sem stigu á stokk var South River Band. Hátíðin er hugarfóstur Ólafs Þórðarsonar heitins en hann lék um árabil með hljómsveitinni. Hátíðin stendur fram á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ráðherrar áhugasamir:

## Nubo boðið til Danmerkur

**DANMÖRK** Viðskiptaráðherra Danmerkur, Pia Olsen Dyhr, hefur boðið kínverska fjárfestinum Huang Nubo til Danmerkur til þess að hann geti kynnt sér danska menningu. Viðskiptaráðherranum finnst jafnframt tilvalið að Kínverjinn heimsæki Grænland.

Á efnahagsráðstefnunni í Davos í Sviss í janúar síðastliðnum bað forsætisráðherra Danmerkur, Helle Thorning-Schmidt, um fund með Huang Nubo sem einnig var á ráðstefnunni.

Það er mat Dyhr að ekki séu ástæður til að hafa strax áhyggjur af því að Kínverjar kaupi jarðir í Danmörku. Zhongkun Investment Group, sem er í eigu Kínverjans, vill flytja kínverska verkamenn til Danmerkur vegna mögulegra fjárfestinga en Dyhr mun hafa bent á að í Danmörku sé hæfur vinnukraftur. **- ibs**

Starfsemi viðburðafyrirtækisins Reykjavík Rocks hefur vaxið mikið frá stofnun:

# Djammið heillar ríka útlendinga

**FÓLK** Unnar Helgi Daníelsson stofnaði viðburðafyrirtækið Reykjavík Rocks fyrir níu mánuðum og nú starfa þar 12 manns. Fyrirtækið sérhæfir sig í að lóðsa erlenda ferðamenn um Ísland og þá ekki síst næturlíf Reykjavíkurborgar.

„Það er ekki gert nóg til að markaðssetja næturlífið í Reykjavík en ég er að vinna í að gera það,“ segir Unnar Helgi. Helstu viðskiptavinir fyrirtækisins eru vel stæðir útlendingar sem vilja skemmta sér á Íslandi. „Það stefnir í brjálað sumar hjá okkur og við erum samhentur hópur sem vinnum vel saman. Það er augljóslega markaður fyrir svona fyrirtæki á Íslandi en bara í gærkvöldi gekk ég frá þremur bókunum fyrir sumarið.“

Unnar Helgi hefur séð um ferðir frægra einstaklinga á Íslandi svo sem Seans Parker, annars stofnenda Facebook, leikkonunnar Liv Tyler, rapparans Busta Rhymes og leikarans Jared Leto. Hann vill þó ekki gefa nánari upplýsingar um dvöl þeirra hérlendis. „Ég held miklum trúnaði við mína viðskiptavini en mestan part hefur þetta snúist um að skemmta sér í Reykjavík.“ **- áp /** **sjá síðu 46**



**UNNAR HELGI DANÍELSSON** Eigandi Reykjavík Rocks segir ekki nóg gert til að markaðssetja næturlífið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






## SPURNING DAGSINS



*Vilhjálmur, eruð þið kvennmannslausir í kulda og trekki?*

Nei, þvert á móti erum við á fleygiferð að passa að svo verði ekki.

Samtök atvinnulífsins hafa nú fjölgað konum í stjórnum lífeyrissjóða og tilnefnt 14 stjórnarmenn, þar af 10 konur, til setu í stjórnum átta lífeyrissjóða til næstu tveggja ára. Vilhjálmur Egilsson er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Árásarmaðurinn á lögmannsstofunni í Lágmúla hafði komist að samkomulagi um lækkun greiðslu:

# Stakk lögmanninn þegar hann var að kveðja

**LÖGREGLUMÁL** Guðgeir Guðmundsson stakk Skúla Eggert Sigurz, framkvæmdastjóra lögmannsstofunnar Lagastoðar, eftir að þeir höfðu rætt saman í dágóða stund og voru að kveðjast. Mennirnir höfðu þá komist að samkomulagi um lækkun skuldar Guðgeirs. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Guðgeir mætti á Lagastoð snemma á mánudagsmorgun vegna skuldar sem hljóðaði upp á rúmar 80 þúsund krónur. Skúli bauð honum inn á skrifstofu sína til að ræða við sig og var skuld Guðgeirs lækkuð um 30 þúsund krónur, eða niður í rúmar 50 þúsund krónur.

Stöð 2 greindi frá því að framkvæmdastjórinn hefði þá prentað út skjal með hinu nýja samkomulagi. Réðst Guðgeir á hann þegar þeir voru að kveðjast. Samkvæmt heimildum fréttastofunnar tók hann í hönd Skúla, kippti honum að sér og stakk hann ítrekað.

Skúli gekkst undir flókna og langa skurðaðgerð á mánudag eftir árásina og er honum enn haldið sofandi. Ástand hans var enn tvísýnt þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld.

### Guðni áttaði sig ekki strax á stungunum

„Ég sá þegar árásin átti sér stað, þannig að ég hljóp inn á skrifstofuna og sá þá blóð. Þá þá reyndi ég að ná hnífnum af manninum," segir Guðni Bergsson lögfræðingur sem yfirbugaði Guðgeir eftir að hann veittist að Skúla, samstarfsfélaga hans.

Guðni var stunginn tvisvar í lærið í árásinni, en segir í viðtali við fréttavef í bænum Bolton á Englandi, þar sem hann lék knattspyrnu, að hann hafi ekki áttað sig á því að hann hafi verið stunginn. Hann slasaðist ekki alvarlega.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu þykir liggja ljóst fyrir að árásin verði flokkuð sem tilraun til manndráps. Guðgeir var á þriðjudag úrskurðaður í gæsluvarðhald fram til morguns, en allar líkur eru á því að farið verði fram á framlengingu. Hann skal sæta geðrannsókn. - sv

Salmonellusmit hjá Ísfugli:

## Tonn af kjöti fór í verslanir

**HEILBRIGÐISMÁL Grunur leikur á að salmonellusmit hafi komið upp í sláturhópi hjá kjúklingaframleiðandanum Ísfugli. Sýkladeild Landspítalans vinnur nú að greiningu á sýnum til að staðfesta gruninn, en Ísfugl ákvað að innkalla þær vörur sem fóru út úr húsi.**

**Helga Lára Hólm, framkvæmdastjóri Ísfugls, segir að um það bil tonn af kjöti hafi farið í verslanir. Um er að ræða kjúkling með rekjanleikanúmerinu 110-12-04-1-03, dagsettu 1. og 2. mars.** - sv



**STARRI** Fuglafræðingur telur að starrinn hafi verið að herma eftir lóunni, sem sé ekki komin til landsins.

Of snemmt fyrir lóuna:

## Lóa var í raun starri að herma

**NÁTTÚRA** Lóan er ekki komin til landsins, að sögn Jóhanns Óla Hilmarssonar fuglafræðings og formanns Fuglaverndarfélags Íslands.

Fréttir bárust af því um síðustu helgi að fyrsta lóan væri komin til landsins og héldi til á Eyrarbakka. Jóhann Óli segir í samtali við dfs.is að þetta sé ekki rétt. Of snemmt sé til þess að lóan geti verið komin. Þarna hafi því verið á ferðinni starri að herma eftir lóu, enda hafi konan sem tilkynnti um lóuna aðeins heyrt í henni en ekki séð hana. - þeb

# LÍ segir útilokað að lagarökin standist

**Læknafélag Íslands segir rök landlæknis er varða afhendingu á lista yfir konur með sílikonbrjóst ónæg. Persónuvernd úrskurðar í næstu viku. Lyfjaeftirlit Bandaríkjanna hefur ákveðið að slíkur gagnagrunnur verði gerður þar í landi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknafélag Íslands (LÍ) segir útilokað að fallast á að eftirlit landlæknisembættisins með PIP-málinu svokallaða eigi að felast í því að fylgjast með hvort konurnar sem hafa fengið púðana í sig mæti í ómskoðun hjá Krabbameinsfélaginu.

Landlæknir hefur meðal annars fært þau rök fram til að fá afhentan lista frá Jens Kjartanssyni lýtalækni yfir nöfn og kennitölur kvenna sem hafa fengið umræddar fyllingar í brjóst sín.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í ítarlegri umsögn LÍ til Persónuverndar vegna kröfu landlæknis um að fá afhent nöfn kvennanna. LÍ gagnrýnir þau lagalegu rök landlæknisembættisins að listinn sé nauðsynlegur fyrir embættið til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Þá hefur landlæknir einnig krafist þess að fá lista yfir allar þær konur sem fengið hafa sílikonfyllingar í brjóst sín hér á landi síðan árið 2006.

Persónuvernd á annars vegar að úrskurða hvort lýtalæknum beri skylda til að afhenda þann lista. Hins vegar snýr málið að Jens Kjartanssyni lýtalækni og lista hans yfir þær konur sem fengið hafa PIP-púða frá honum síðan árið 2000 og fengið hafa boð um brottnám púðanna á Landspítalanum. Málin verða lögð fyrir stjórn Persónuverndar í næstu viku.

Alls fengu 393 konur með PIP-púða boð um að koma í ómskoðun hjá Krabbameinsfélaginu. Af þeim hefur 221 komið í ómskoðun og greindist leki hjá 126 eða 57 prósentum þeirra.

sunna@frettabladid.is



**SKURÐAÐGERÐ** Landlæknir vill fá lista yfir allar konur sem fengið hafa sílikonpúða í brjóst sín hér á landi síðan árið 2006. NORDICPHOTOS/AFP

### Gagnagrunnur búinn til vestanhafs

Lýtalækninganefnd Matvæla- og lyfjaeftirlitsstofnunar Bandaríkjanna (FDA) ákvað í gær að búinn verði til almennur gagnagrunnur yfir allar konur sem hafa fengið sílikon-fyllingar í brjóst sín þar í landi. Upplýsingarnar eiga að ná að minnsta kosti áratug aftur í tímann.

Tvö bandarísk fyrirtæki framleiða sílikon-púða, Allergan og Mentor, og eiga þau að fylgja konunum eftir, láta þær fylla út spurningalista og framkvæma á þeim ýmsar rannsóknir undir leiðsögn FDA, þar sem slíku hefur verið ábótavant að mati eftirlitsins. Með þessu á að reyna að útiloka tengsl á milli ígræðslu púðanna og hinna ýmsu sjúkdóma tengdra bandvef og eitlakrabbameini. Þá mælist FDA einnig til þess að allar konur láti ómskoða brjóst sín þremur árum eftir að þær hafi fengið ígræðslu til að kanna hvort púðarnir leki. Frá þessu var greint á fréttavef MedPage Today í gær.

Talið er að á bilinu fimm til tíu milljónir kvenna um heim allan séu með fyllingar í brjóstum sínum, og samkvæmt FDA er mikill meirihluti þeirra ánægður með þær. Um 297.000 bandarískar konur létu stækka á sér brjóstin árið 2010 og aðrar 90.000 fengu uppbyggingu á brjóstum sínum eftir veikindi. Um það bil helmingur fyllinganna var sílikon.

Tveir Rúmenar handteknir:

## Kortasvikarar í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir rúmenskir karlmenn hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald eftir að upp komst um afritun þeirra á kortaupplýsingum úr hraðbönkum á höfuðborgarsvæðinu. Þeir voru handteknir á laugardaginn en komu til landsins í febrúar.

Í tilkynningu frá Valitor segir að upphæðin sem þeim tókst að svíkja út sé lág.

Mennirnir komu fyrir fullkomnum afritunarbúnaði til að lesa segulrendur kortanna og settu þeir upp vélar til að mynda innslátt Pin-númera.

Í tilkynningu frá Landsbankanum segir að verið sé að láta þá viðskiptavini vita sem taldir eru hafa orðið fyrir kortasvindlinu. - shá

Dönsk fangelsi eins og hótel:

## Vill byggja danskt fangelsi í Austur-Evrópu

**DANMÖRK Fjöldi austur-evrópskra fanga í dönskum fangelsum hefur meir en tvöfaldast á undanförnum fimm árum. Í fyrra voru austur-evrópsku fangarnir 244 en 105 fyrir fimm árum. Þess vegna hefur stjórnarandstaðan lagt til að Danir byggi fangelsi í Austur-Evrópu til þess að glæpamennirnir geti afplánað dóma sína þar. Stjórnmálamaðurinn Tom Behnke bendir á að fangelsisvist í Danmörku sé eins og hóteldvöl miðað við fangelsisvist í Austur-Evrópu.**

**Flestir austur-evrópsku afbrotamannanna fá stutta dóma sem þeir afplána að mestu í gæsluvarðhaldi, að því er formaður samtaka fangelsisstarfsmanna í Danmörku bendir á.** - ibs




Sakborningar í Al Thani-málinu mættu ekki við þingfestingu þess í héraðsdómi:

# Handtaka mætti Kaupþingsmenn

**DÓMSMÁL** Enginn sakborningur mætti í Héraðsdóm Reykjavíkur þegar þar var þingfest svokallað Al Thani-mál. Ákæran í málinu beinist gegn fyrrverandi stjórnendum Kaupþings, Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni og Magnúsi Guðmundssyni og Ólafi Ólafssyni. Þeir eru meðal annars ákærðir fyrir markaðsmisnotkun og umboðssvik.

Pétur Guðgeirsson héraðsdómari hafði fyrir dómi í gær orðað þann möguleika að láta handtaka sakborningana og færa fyrir dóm. „Ég tel eðlilegt að gæta meðalhófs í því," sagði þá Björn Þorvaldsson saksóknari, en málarekstrinum var frestað til 29. mars.

Þá gerði dómari athugasemd við að ákæruvaldið hefði ekki látið verjendum sakborninga í té hljóð- og myndupptökur af yfirheyrslum sem liggja til grundvallar í málinu.



**Í DÓMI** Hörður Felix Harðarson, lögmaður Hreiðars Más Sigurðssonar, og Ragnar H. Hall lögmaður Ólafs Ólafssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Saksóknari benti á að sakborningum og verjendum þeirra hefði verið boðið að skoða upptökurnar í húsnæði sérstaks saksóknara, en þær hefðu ekki verið afhentar af ótta við að þær myndu leka út. Saksóknari kærði því tilmæli um að láta beri af hendi upptökurnar, en úrskurðað verður um það í marslok þegar málið verður tekið fyrir á ný. Þann dag munu sakborningar málsins líka þurfa að mæta fyrir dóminn. - óká, jhh




ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

**Okkar markmið er að gera góða þjónustu betri**

Viðskiptavinir Íslandsbanka eru ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2011.

Við erum stolt af þessum árangri sem er okkur mikil hvatning til að halda áfram á þeirri braut að gera góða þjónustu á öllum sviðum enn betri.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

## GENGIÐ 07.03.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,09 | 125,69 |
| Sterlingspund | 196,9 | 197,86 |
| Evra | 164,49 | 165,41 |
| Dönsk króna | 22,122 | 22,252 |
| Norsk króna | 22,088 | 22,218 |
| Sænsk króna | 18,456 | 18,564 |
| Japanskt jen | 1,548 | 1,557 |
| SDR | 192,66 | 193,8 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
226,4381

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þyngsti dómurinn sem farið er fram á vegna skotárásar í Bryggjuhverfi í Reykjavík í fyrra er sex ár:

# Skrópaði fyrir dómi og mundi svo ekki neitt

**DÓMSMÁL** „Brotin eru mjög alvarleg og beindust gegn lífi og heilsu brotaþola,“ sagði Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari í lokamálflutningi vegna skotárásar sem átti sér stað á lóð bílasölu við Tangabryggju í Reykjavík í nóvember síðastliðnum. Aðalmeðferð málsins lauk um hádegisbil í gær fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og dóms að vænta eftir þrjár til fjórar vikur.

Farið var fram á sex ára fangelsisdóm yfir Kristjáni Halldóri Jenssyni fyrir tilraun til manndráps þegar hann hleypti í tvígang af afsagaðri haglabyssu á bíl með tveimur mönnum innanborðs. Fyrst skaut hann að bílnum á lóð bílasölunnar og svo út um bílglugga eftir eltingarleik við hringtorg við Bíldshöfða.

Margrét Unnur kvað svo þriggja ára fangelsisdóm hæfilegan fyrir Tómas Pálsson Eyþórsson og tvö ár fyrir Axel Má Smith sem gefið er að sök að hafa tekið þátt í árásinni og skipulagningu hennar.

Komið hefur fram fyrir dómi að málið eigi sér rætur í deilum við annað fórnarlamb árásarinnar vegna meintrar skuldar Tómasar. Ákærðu segja ætlan sína bara hafa verið að hræða fórnarlambið frá frekari innheimtuaðgerðum.

Maðurinn sem fyrir árásinni varð var færður fyrir dóm í gærmorgun eftir að hafa skrópað daginn áður. Fyrir dómi bar hann svo við algjöru minnisleysi um nær alla þætti málsins, þar á meðal um skýrslugjöf sína hjá lögreglu strax eftir árásina. Hann hefur einnig fallið frá skaðabótakröfu í málinu.

Hinn maðurinn sem var í bílnum gerir 1,2 milljóna króna skaðabótakröfu vegna árásarinnar. **- óká**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Í DÓMSAL 101** Farið er fram á að Tómas, Axel og Kristján verði sakfelldir fyrir tilraun til manndráps vegna skotárásar.



**MITT ROMNEY** Segist eiga meiri möguleika en hinir á að sigra Obama í haust. NORDICPHOTOS/AFP

Mitt Romney jók forskot sitt:

## Kominn hálfa leið að markinu

**BANDARÍKIN, AP Mitt Romney bætti við sig að minnsta kosti 212 kjörmönnum á „stóra þriðjudeginum“, þegar forkosningar voru haldnar í tíu ríkjum Bandaríkjanna.**

**Hann er þar með kominn með 415 kjörmenn samkvæmt talningu AP-fréttastofunnar, en það er meira en mótframbjóðendurnir þrír eru komnir með samanlagt. Næstur honum er Rick Santorum með 176 kjörmenn, síðan kemur Newt Gingrich með 105 kjörmenn og loks Ron Paul með 47 kjörmenn. Romney þarf hins vegar að fá 1.144 kjörmenn til þess að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins, og vantar því enn 729 kjörmenn. - gb**

Atvinnumessa í Laugardal:

## Bjóða allt að 1.000 ný störf

**ATVINNUMÁL** Bjóða á allt að eitt þúsund ný störf á atvinnumessu sem fram fer í Laugardalshöll milli klukkan tíu og fjögur í dag.

Fram kemur á vef Samtaka ferðaþjónustunnar, sem þátt taka í átakinu, að um sé að ræða sameiginlegt framtak atvinnulífsins, stéttarfélaga og stjórnvalda. Messan er hluti af átaksverkefninu Vinnandi vegur sem hóf göngu sína 21. febrúar með það markmið að fjölga störfum og minnka atvinnuleysi. **- óká**

# Fjölbreytt samstarf um Norðurslóðamál

**Össur Skarphéðinsson og Alain Juppé, utanríkisráðherra Frakka, urðu ásáttir um víðtækt samstarf á sviði heimskautamálefna á fundi sínum í gær. Evrópa, aðildarviðræður að ESB og gjaldmiðlamál voru þungamiðja viðræðnanna.**

**UTANRÍKISMÁL** Fjölbreytt samstarf Frakklands og Íslands um málefni Norðurslóða og heimskautanna er í deiglunni eftir fund Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra með starfsbróður sínum, Alain Juppé, í gær. Evrópumál í víðu samhengi voru þó efst á baugi. Juppé undrast hugmyndir hér á landi um upptöku annarrar myntar en evrunnar. Juppé segir Íslendinga eiga stuðning Frakka vísan í viðræðum um erfiða þætti aðildarviðræðna okkar að ESB.

„Við urðum ásáttir um að gera samkomulag um samstarf þjóðanna um heimskautamálefni,“ segir Össur í viðtali við Fréttablaðið í gærdag. Og mikið stendur til.

Frakkar bjóða íslenskum vísindamönnum aðstöðu í rannsóknarstöðvum sínum á Svalbarða og Suðurskautslandinu og senda sína sérfræðinga til starfa við norðurslóðarannsóknir á Akureyri. Vilji er fyrir að koma á aukinni samvinnu milli Háskólans á Akureyri og hinnar virtu Pierre og Marie Curie vísindastofnunar í París. Íslendingum verður sérstaklega boðin þátttaka í stóru verkefni um efnahagsleg og félagsleg áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum. Þá ætli löndin að halda sameiginlega ráðstefnu á vettvangi OECD um norðurslóðamál.

„Þetta allt fellur undir þá stefnu okkar að ná tvíhliða samstarfi, með raunhæfum verkefnum, við sem flestar þjóðir á þessu sviði,“ segir Össur, sem fundaði einnig með Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra Frakka og nú sendiherra um málefni heimskautanna.

Varðandi aðildarviðræðurnar að ESB lagði Össur áherslu á að þeim yrði hraðað og að efnislegar viðræður myndu hefjast sem fyrst, sérstaklega um sjávarútvegsmál. „Juppé sagðist hafa fullan skilning á þessari afstöðu okkar og sagði Íslendinga ekki þurfa að óttast annað en fullan stuðning Frakka,“ segir Össur og bætti við að áhugavert umræða hafi spunnist um gjaldmiðlamál á fundinum. Hann gerði grein fyrir ókostum gjaldeyrishafta og lýsti þeirri skoðun sinni að án þess að taka upp aðra mynt gæti reynst erfitt að afnema þau.

Juppé þekkti stöðuna hér vel og lýsti undrun sinni á vangaveltum um upptöku Kanadadollars. „Hann taldi að í okkar stöðu, og þá vegna mikilla viðskipta við ESB, væri evran eini raunhæfi kosturinn til að taka upp aðra mynt á Íslandi.“

Juppé vék að erfiðleikum á evrusvæðinu og aðgerðum til að hindra að þeir endurtækju sig. „Hann sagði reyndar að hann væri bjartsýnn og fullviss um að evran kæmi sterkari út úr brimskaflinum, en hún var áður,“ segir Össur.

svavar@frettabladid.is



**FUNDAÐ Í GÆR** Össur og Alain Juppé ræddu í gær hvernig mætti binda enda á fjöldamorð Sýrlandsstjórnar gegn þegnum sínum og koma á friði í landinu.

MYND/FRANSKA SENDIRÁÐIÐ

Varðberg boðar til fundar:

## Glæpir og yfirvöld til umræðu

**FRÆÐSLA** Varðberg, samtök um vestræna samvinnu og alþjóðamál, efnir til hádegisfundar á morgun til að ræða skipulagða glæpastarfsemi og viðbrögð yfirvalda við henni. Þeir Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, og Karl Steinar Valsson, hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, eru gestir fundarins og gefa innsýn í málið.

Fundurinn verður í ráðstefnusal Þjóðminjasafns við Suðurgötu á morgun milli tólf og eitt. **- shá**

Baráttudagur kvenna er í dag:

## Opið hús hjá Stígamótum

**JAFNRÉTTISMÁL Opið hús verður hjá Stígamótum í dag í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Stígamót halda upp á afmæli sitt á þessum degi og gefa út ársskýrslu sína af því tilefni.**

**Víða annars staðar er einnig haldið upp á daginn. Hátíðardagskrá verður í Iðnó þar sem sjö konur halda erindi auk þess sem skemmtiatriði verða. Viðskiptaráð Íslands stendur fyrir fundi á Hilton um mikilvægi góðra stjórnarhátta og fjölbreytni í stjórnum fyrirtækja. Á Grand hóteli verður haldinn fundur um starfslok kvenna. Á Akureyri býður Jafnréttisstofa til fundar á Hótel Kea þar sem Kvennaframboðsins verður minnst, en í ár eru þrjátíu ár frá stofnun þess. - þeb**

### VÍKINGALOTTÓ

**Enginn fékk 112 milljónir**

Enginn var með allar tölurnar réttar í Víkingalottóinu en dregið var út í kvöld. Potturinn verður því tvöfaldur næst. Fyrsti vinningur kvöldsins var tæplega 112 milljónir króna.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÉLJAGANGUR** Það lítur ekki út fyrir góðviðri á næstunni fyrir suður- og vesturhluta landsins. Svipað veður á morgun en á laugardag verður stíf suðvestanátt með töluverði úrkomu og hlýnandi veðri.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 12° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 12° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 11° |
| Orlando | 17° |
| Ósló | 1° |
| París | 10° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




**Í mars er ástandsskoðun á bremsum í boði þjónustuaðila Toyota. Engin vandamál - bara lausnir.**

Stoppaðu (ef þú getur) hjá einhverjum af viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota og láttu fara yfir bremsurnar í bílnum.
Það eykur umferðaröryggi og sparar þér peninga.

## 20% afsláttur

Í mars er 20% afsláttur af öllum bremsudiskum, bremsuklossum og bremsuborðum
hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | 200 Kópavogi | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6610 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 577 7080 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

**Geir H. Haarde fyrir Landsdómi – dagur 3**

# Grunnur lagður að neyðarlögum árið 2006

**Bolli Þór Bollason sagði að frumvarpsdrög sem innihélt að einhverju leyti sömu heimildir og var beitt eftir setningu neyðarlaganna hafi legið fyrir í upphafi árs 2006. Hefði frumvarpið verið lagt fram á þeim tíma þá hefði það leitt til þess sem það átti að koma í veg fyrir, bankakreppu.**

Bolli Þór Bollason, fyrrum ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, taldi ekki gerlegt að minnka bankakerfið á árinu 2008, að enginn vilji hafi verið fyrir því að setja Icesave í dótturfélag að hálfu stjórnenda Landsbankans og að tilurð samráðshóps um fjármálastöðugleika, sem hann veitti forstöðu, leysti hvorki Fjármálaeftirlitið (FME) né Seðlabanka Íslands undan eftirlitsskyldum sínum, enda væri hann samráðshópur. Þetta kom fram við vitnaleiðslur yfir Bolla á þriðja degi réttarhalda yfir Geir H. Haarde fyrir Landsdómi í gær.

### Tillögur lagðar fram 2006

Bolli var ráðuneytisstjóri Geirs og vann náið með honum. Hann veitti líka samráðshópnum margumrædda forstöðu. Bolli sagði að þau óveðursský sem vofðu yfir íslenskum bankakerfi birtast mjög vel í þeirri staðreynd að hópurinn, sem átti upphaflega að hittast tvisvar á ári, hefði hist 26 sinnum á árinu 2008.

Að sögn hans var alveg skýrt að það hafi ekki verið verkefni hópsins að gera neins konar aðgerðaráætlun heldur að ræða stöðuna, skiptast á skoðunum og koma með ábendingar. Það hafi verið hlutverk eftirlitsaðila, FME og Seðlabankans, að vinna slíkar áætlanir.

Bolli sagði að það hafi komið í ljós á fyrstu fundum samráðshópsins eftir að hann var settur á laggirnar árið 2006 að það þyrfti að auka inngripsheimildir FME. Á þeim tíma hafi meira að segja verið kynnt frumvarp um málið, en á endanum hafi þær hugmyndir ekki orðið að lögum fyrr en í október 2008, í neyðarlögunum svokölluðu.

### Hefði fellt bankanna

Aðspurður um hvað hafi valdið þeim töfum sagði Bolli það vera mjög skýrt. Á sama tíma og hópurinn var stofnaður í byrjun árs 2006 hafi verið í gangi „míníkrísa“ á fjármálamarkaði. Hún birtist þannig á Íslandi að erlendir aðilar fjölluðu um íslensku bankana þannig að þeir voru sagðir veikburða og stæðu á brauðfótum.

Þær heimildir sem rætt var um að veita FME á þessum tíma hafi meðal annars falið í sér að eftirlitið gæti farið inn í stjórn bankanna og í raun tekið þá yfir, líkt og það gerði haustið 2008 á grundvelli neyðarlaganna. Að sögn Bolla var það mat samráðshópsins að „það væri algjörlega óvinnandi“ að fara fram með lagabreytingar á þessum tíma vegna þess að þær hefðu í raun leitt að sér það sem lögin áttu að koma í veg fyrir, þau hefðu framkallað bankakreppu.

### Félli einn féllu allir

Bolli sagði allan tímann ljóst að staðan sem verið væri að glíma við á Íslandi væri ekki þannig að einn lítill sparisjóður gæti mögulega farið á hliðina og fjármálakerfið gæti síðan haldið áfram eins og ekkert hefði í skorist. „Staðan var þannig að það myndu allir þrír bankarnir falla. [...] Erlendir aðilar gerðu engan greinarmun á því hvort banki héti Glitnir, Landsbanki eða Kaupþing. Þetta var þá bara íslenskur banki.“

Á árinu 2008 hafi aldrei verið gerlegt að minnka bankanna með lagabreytingu, ef það var yfirhöfuð hægt. Allar aðgerðir í þá veru hefðu verið túlkaðar sem veikleikamerki og þar með væru bankarnir hvort eð er fallnir. „Það eina sem við vissum var að minnstu veikleikamerki, ég tala ekki um yfirlýsingar stjórnvalda um veiklega í bankakerfinu, að þær yrðu túlkaðar þannig að bönkunum væri ekki treystandi og það yrði einfaldlega það sem er kallað „run“ á bankakerfið og það myndi hrynja,“ sagði Bolli.

### Orðalag á ystu nöf

Bolli var spurður út í yfirlýsingu sem Íslendingar gáfu við gerð gjaldmiðlaskiptaskiptasamninga við þrjú Norðurlönd í maí 2008 um að minnka bankakerfið. Hann sagði að orðalagið í samkomulaginu hafi „farið út á ystu nöf“. Það hafi verið mat manna að erfitt væri að grípa til einhverra aðgerða til að koma bönkunum úr landi eða minnka þá. Bolli sagði yfirlýsinguna hafa verið gefna „við ákveðnar aðstæður og til þess gerð að tryggja að samningurinn kæmist í höfn“.

Bolli sagði að hann hafi haft miklar efasemdir um að hægt yrði að færa Icesave í dótturfélag. Meðal annars hafi hann efast um að stjórnendur Landsbankans hafi í raun viljað það, enda gerði útibúaleiðin þeim kleift að færa peninga til móðurbankans. Dótturfélagaleiðin gerði það hins vegar ekki.



**ÓVEÐURSSKÝ** Bolli sagði að þau óveðursský sem vofðu yfir íslensku bankakerfi birtast mjög vel í þeirri staðreynd að samráðshópurinn, sem átti upphaflega að hittast tvisvar á ári, hefði hist 26 sinnum á árinu 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@fréttabladid.is


## Bretar rýndu í lög um innstæðutryggingar

Frétt í breskum fjölmiðlum í júlí 2008 varð til þess að beina sjóðum þarlendra yfirvalda í mun meira mæli að tryggingasjóði innstæðueigenda á Íslandi (TIF). Þetta sagði Baldur Guðlaugsson, fyrrum ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, þegar hann bar vitni fyrir Landsdómi í gær. Baldur sat í samráðshópi um fjármálastöðugleika í aðdraganda hrunsins.

**154 sinnum hærri upphæð**

Að sögn Baldurs birtist frétt í breskum fjölmiðlum í byrjun júlí 2008 sem vakti mikla athygli á meðal breskra ráðamanna. Þar kom fram að TIF væri að tryggja 154 sinnum hærri upphæð en sem næmi eignum sjóðsins. Eftir það hafi sjónir breska stjórnvalda farið að beinast æ meira að TIF. Helgi Magnús Gunnarsson aðstoðarsaksóknari spurði Baldur þá út í tölvupóst sem hann hafði sent Geir H. Haarde og fleirum þann 20. ágúst 2008 og hvert innihald hans hefði verið. Baldur sagði forsögu tölvupóstsendingarinnar hafa verið þá að bresk stjórnvöld virtust hafa aflað sér eintaks af lögum um TIF, hafi farið að rýna í þau og senda spurningar um einstök ákvæði til íslenskra stjórnvalda.

**Ríkið átti ekki að ábyrgjast TIF**

Á meðal þeirra spurninga sem bárust voru um hvort að sjóðurinn gæti tekið lán til að standa við skuldbindingar sínar, ef á þær myndi reyna. Bresk stjórnvöld spurðu líka um hvort að ríkið myndi aðstoða sjóðinn við að fá lán ef hann gæti ekki fengið slíkt beint sjálfur. Að mati Baldurs var ljóst að það væri ekki verið að fara að lýsa því yfir að ríkissjóður bæri ábyrgð á TIF. „Það varð niðurstaðan að slíkt væri ekki á dagskrá“.

Við svörun spurninganna var hins vegar líka verið að svara því hvað ríkið myndi gera ef til dæmis einn banki myndi lenda í vandræðum og greiða þyrfti út innstæðutryggingar hans, en ekki alls kerfisins. Því hafi verið ákveðið að svara spurningum Breta þannig að íslenska ríkið myndi uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt EES-rétti, án þess þó að taka fram hvaða skuldbindingar ríkið teldi sig í raun hafa.

**Áttu að leysa eigin vandamál**

Í máli Baldurs kom fram að það hafi ekki hlutverk samráðshópsins að vinna einhverskonar viðlagaáætlun við bankahruni. Það hafi verið hlutverk hverrar stofnunar fyrir sig. Tilurð hópsins hafi engu breytt um hlutverk og skyldur þeirra. Honum hafi verið kunnugt um að fólk hafi verið að vinna í þessum málum innan Seðlabankans en mundi ekki nákvæmlega hvort honum hafi verið kunnugt það fyrirkomulag sem var á þeirri vinnu.

„Það voru kannski allir að vonast til þess að ástandið myndi lagast og að þetta kæmist á sléttan sjó. Hvað myndi ske og hvenær það gæti orðið, það var mjög erfitt að kortleggja það fyrirfram.“

Baldur sagði að það hafi legið fyrir í samkomulaginu um stofnun samráðshópsins að það væri grundvallaratriði að fjármálafyrirtækin og aðrir markaðsaðilar yrðu að leysa vandamál sín sjálfir. Aldrei hafi hugmyndin verið sú að ríkið kæmi inn og leysti vanda þessara aðila. Vinna hópsins hafi snúist um að bjarga fjármálakerfinu sem heild. Aldrei hafi heldur komið til greina hjá samráðshópnum að fá atbeina forsætisráðherra til þess að hvetja Landsbankann til að flytja Icesave í dótturfélag. -þsj



**FYRRUM RÁÐUNEYTISSTJÓRI** Baldur var nýverið dæmdur í tveggja ára fangelsi vegna innherjasvika fyrir að selja hlutabréf sín í Landsbankanum í september 2008.

## Allar upplýsingar komust til skila

„Ég held að allar upplýsingar hafi á endanum komist þangað sem þær áttu að komast,“ sagði Áslaug Árnadóttir, sem gegndi starfi ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu frá því í september 2007 fram á mitt ár 2008.

Hún hafði verið spurð að því hvort upplýsingum hafi markvisst verið haldið frá Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra og hvort upplýsingar sem fram komu á fundum samráðshóps um fjármálastöðugleika hafi skilað sér til Björgvins og þaðan til annarra ráðherra ríkisstjórnarinnar.

Áslaug, sem átti sæti í samráðshópnum, kvaðst ekki telja að skort hafi á pólitíska stefnumörkun í hópnum. Davíð Oddsson, fyrrverandi Seðlabankastjóri, hafði talað á aðra leið fyrir dómnum degi fyrr.

Áslaug sagði að engin vinna hafi verið í gangi í viðskiptaráðuneytinu fyrir bankahrun við að minnka bankakerfið. Það hafi enda verið talið ómögulegt miðað við stöðuna á mörkuðum. Hins vegar hafi verið rætt hvort unnt væri að hamla innlánasöfnun á Icesave-reikninga Landsbankans, en Áslaug sjálf hafi hins vegar talið það mjög erfitt. - sh





LEGO friends
20% afsláttur af LEGO friends
LEGO NINJAGO Masters of Spinjitzu
Masters of Spinjitzu
20% afsláttur af LEGO ninjago
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
Gildir til 18. mars á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Geir H. Haarde fyrir Landsdómi – dagur 3

# Aldeilis ónógt fjármálaeftirlit

**Fjármálaeftirlitið íslenska var allt of veikburða fyrir hrun, að mati þáverandi stjórnarformanns þess. Hann segir Landsbankann hafa siglt í fölsku skjóli þegar Icesave-reikningarnir voru kynntir en Geir Haarde hafi verið mjög áfram um að koma þeim í erlend dótturfélög.**

Einungis um helmingur fimmtíu manna starfsliðs Fjármálaeftirlitsins (FME) árið 2008 hafði lögfræði-, hagfræði- eða viðskiptafræðilega sérþekkingu á þeim málefnum sem eftirlitið sinnti. „Þetta var aldeilis ónógt,“ sagði Jón Sigurðsson, fyrrverandi stjórnarformaður FME á þriðja degi Landsdómsréttarhaldanna yfir Geir H. Haarde í gær.

**Landsbankinn sigldi í fölsku skjóli**

Jón varði drjúgum tíma í að ræða Icesave-reikninga Landsbankans. Hann sagði að sér hafi ekki orðið um sel þegar innlánasöfnunin á reikningana hafi verið orðin jafnmikil og raun bar vitni. Ekki hafi hins vegar þurft neitt leyfi frá FME til að opna slík útibú erlendis heldur hafi verið nóg að tilkynna það þangað.

„Már fannst þessi öra söfnun innlána í annarri mynt í öðrum löndum ógæfuleg,“ viðurkenndi Jón. Hann hafi oftsinnis rætt það við lögfræðinga FME, einkum forstjórann Jónas Fr. Jónsson, hvort ekki væri hægt að gera eitthvað til að stöðva þessa innlánasöfnun. Það hafi verið mat lögfræðinganna að svo væri ekki.

Jón nefndi einnig áhyggjur sínar af því að Landsbankinn skyldi vísa til þess í kynningum fyrir reikningana erlendis að samkvæmt evrópskum reglum væru þeir tryggðir af íslenska innstæðutryggingasjóðnum án þess að gera nokkra grein fyrir því hvernig bankinn stóð í raun. „Þeir voru að sigla í fölsku skjóli að mínu áliti,“ sagði Jón.

Þá sagði Jón, sem einnig er fyrrverandi seðlabankastjóri, að sér hefði ekki fundist það vel ráðið hjá Seðlabankanum að aflétta bindiskyldunni af Icesave-reikningunum.

**Icesave í Hollandi ekki á radarnum**

Jón staðfesti það sem fram hafði komið í máli Davíðs Oddssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra, deginum áður, að þeir tveir hefðu sammælst um að reyna að leggja stein í götu Kaupþings þegar bankinn hugðist kaupa hollenska bankann NIBC í upphafi árs 2008. Þetta hafi tekist, jafnvel þótt vafi hafi leikið á því hvort lagaheimildir væru fyrir hendi til að koma í veg fyrir kaupin.

Landsdómarinn Eiríkur Tómasson spurði Jón sérstaklega að því hvort ekki hefði komið til álita – í ljósi þess að komið hefði verið í veg fyrir þau kaup – að reyna jafnframt að hindra Landsbankann í að opna Icesave-reikninga í Hollandi og stækka þar með enn frekar.



**UTAN RADARS** Jón segir að mönnum hafi einfaldlega ekki dottið í hug að Landsbankinn myndi stofna Icesave-reikninga í Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Stofnun Icesave-reikninga í Hollandi var alls ekki á minni radarsjá,“ svaraði Jón. Mönnum hafi hreinlega ekki dottið í hug að Landsbankamenn myndu gera slíkt.

**Ómöguleg dótturfélagavæðing**

Þá var rætt um mögulegan flutning Icesave-reikninganna yfir í dótturfélag og kom fram í máli Jóns að það hefði líkast til verið ómögulegt verk enda hafi eignirnar sem Landsbankinn hefði þurft að færa utan á móti verið of lélegar og ekki þolað skoðun. Geir H. Haarde hafi hins vegar verið mjög áfram um að það næði fram að ganga.



Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is

## Orðrétt

„Ég held að þetta hafi verið fyrir sjálfan mig. Það var ýmislegt sem við upplifðum þetta ár.

Ingimundur Friðriksson um minnisblað sem hann gerði um atburði ársins 2008 og er dagsett 13. október 2008.

„Nú er ég bara komin út í einhverja vitleysu. Það er ekkert um bindiskyldu á þessari blaðsíðu.

Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari ruglaðist í leit sinni í gögnum málsins, sem telja þúsundir blaðsíðna.

„Aldrei.

Andri Árnason spyr Baldur Guðlaugsson hvort einhvern tímann hafi verið rætt um að breikka eða víkka hlutverk samráðshópsins.

„Af mínum kynnum af mínum gamla skólabróður Baldri þá var ég ansi hallur undir hans sjónarmið í mörgum málum.

Bolli Þór Bollason um að hann hafi verið sammála Baldri Guðlaugssyni um að engin ríkisábyrgð væri á Icesave.

„Líklega hafa þeir verið að manipúlera með það eins og annað.

Jón Þ. Sigurgeirsson um skuldatryggingarálag Kaupþings, sem tók skyndilega að lækka árið 2008.

## Vandi eins banka yrði vandi annars



INGIMUNDUR FRIÐRIKSSON

Ógerlegt var að flytja bankana úr landi eða að minnka kerfið með eignasölu vegna þess að það hefði líklega keyrt þá í þrot. Þetta sagði Ingimundur Friðriksson, fyrrum seðlabankastjóri, í vitnastúku í gær.

Ingimundur sagði það hafa skinið í gegn í viðhorfi erlendra aðila að stóru bankarnir þrír voru settir undir sama hatt. „Þess vegna var ljóst að vandi eins yrði vandi annars.“

Eitt af því sem Geir H. Haarde er gefið að sök er að hafa ekki beitt sér fyrir því að minnka bankakerfið eða að fá bankana til að flytja höfuðstöðvar sínar erlendis. Að mati Ingimundar var þó algjörlega óraunhæft að gera hvorugt þegar komið var fram á árið 2008. „Það verður að hafa í huga að á þessum tíma var nánast ógerlegt að selja eignir. Það voru engir kaupendur nema á svo lágu verði að bankarnir þyrftu að taka á sig tap vegna sölu slíkra eigna.“

Slíkar sölur hefðu ekki verð til að styrkja eiginfjárstöðu bankanna heldur hefðu haft þveröfug áhrif. Auk þess hafi það ekki verið hægt með einhliða ákvörðun að flytja bankana úr landi. Stjórnvöld í því landi sem átti að flytja þá til hefðu þurft að samþykkja það líka, og ólíklegt væri að þau myndu gera það. „Áhugi allra stóð til þess að bankarnir minnkuðu [...]Ég hef enga ástæðu til að draga það í efa að það hafi verið vilji forsætisráðherra líka,“ sagði Ingimundur.

Þann 16. maí 2008 gerði Seðlabanki Íslands gjaldmiðlaskiptasamning við seðlabanka Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur. Hluti af því samkomulagi fól í sér skuldbindingu af hálfu Íslands þess efnis að draga úr stærð íslensku bankanna. Aðspurður um hvort að það hafi verið gripið til einhverra aðgerða í kjölfarið til að efna það samkomulag sagði Ingimundur að það hefði ekki verið hægt að knýja fram breytingar sem hefðu getið af sér tjón fyrir bankanna. Því hafi ekki verið farið í neinar meiriháttar aðgerðir, enda hafi þær verið „algjörlega óraunhæfar“. -þsj

## Endurskoðun bankanna með ólíkindum



JÓN SIGURGEIRSSON

Íslensku bankarnir voru komnir með óorð á sig í fjármálaheiminum þegar árið 2005 og þá voru erlendir bankar farnir að íhuga að taka skortstöðu gegn þeim. Getgátur voru uppi um það hvenær bankarnir voru komnir í „djúpstæð eiginfjárvandræði“ – en sumir segja að það hafi verið strax árið 2005.

Þetta kom fram í máli Jóns Þ. Sigurgeirssonar, framkvæmdastjóra hjá Seðlabanka Íslands og fyrrverandi starfsmanni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fyrir Landsdómi í gær.

Jón, sem hefur mikla reynslu af störfum að efnahagsmálum, sagðist hafa séð ýmsar krísur en enga nærri því jafnalvarlega og þá sem skall á 2008.

Jón var spurður um áætlanir þess efnis að flytja bankana úr landi eða minnka þá með því að selja eignir. Jón benti á að það hafi ekki verið hægt og að auk þess hafi forsvarsmenn bankanna sjálfra tæpast viljað það.

Hann nefndi Kaupþing sérstaklega og sagði að ef til þess hefði komið hefði Kaupþing þurft að sýna eignasafn sitt, sem nú hafi komið í ljós að hafi verið „alveg hræðilegt“ – einkum vegna þess að hve miklu leyti bankinn, eins og aðrir, hafði fjármagnað sig sjálfur.

Í tengslum við þetta sagði Jón að það væri með ólíkindum að virt, alþjóðleg endurskoðunarfyrirtæki hefðu skrifað upp á ársreikninga íslensku bankanna. Til samanburðar hefði svikarinn Bernie Madoff, sem afplánar nú 150 ára fangelsisdóm, notast við einyrkja í endurskoðun.

Jón sagði að það hefði vakið athygli manna þegar skuldatryggingarálag á Kaupþing hafi skyndilega tekið að lækka skart árið 2008. „Líklega hafa þeir verið að manipúlera með það eins og annað,“ sagði Jón. - sh




Canon IXUS 115
Verð 32.900 kr.
8GB minniskort fylgir
Lenovo spjaldtölva
Verð 109.900 kr.
Sony HD upptökuvél með 2,7" snertiskjá
Verð 84.990 kr.
Lexar 32GB minnislykill, útdraganlegur
Verð 8.990 kr.
UCube tölvuhátalarar USB
Verð 19.900 kr.
GRÆJAÐU ÞIG
FYRIR FRAMTÍÐINA
Úrval fermingargjafa sem endast
Framúrskarandi fermingargjafir frá Sony, Bose, Lenovo, Canon og fleiri heimsþekktum framleiðendum. Komdu í verslun Nýherja eða á netverslun.is og við aðstoðum þig við að finna fermingargjöf sem dugar til framtíðar.
Canon Powershot A2200
Verð 21.900 kr.
4GB minniskort fylgir
Canon EOS 600D með 18–55mm linsu
Verð 159.900 kr.
Gjafabréf á Canon EOS grunnnámskeið
og 8GB minniskort fylgja
Bose AE2 heyrnartól
Verð 21.900 kr.
Bose Companion 2 II
tölvuhátalarar
Verð 21.900 kr.
Sony hljómtækjastæða fyrir iPod/iPhone, CD og útvarp
Verð 49.990 kr.
Canon SONY BOSE lenovo
NÝHERJI
BETRI LAUSNIR
Nýherji hf. Sími 569 7700 Borgartúni 37 Akureyri netverslun.is

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að fylgast með Reykjavíkurskákmótinu með einum eða öðrum hætti?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 11,6% |
| NEI | 88,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú ánægð(ur) með þá tónlistarviðburði sem hafa verið í boði í Hörpu til þessa?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Bandaríkjastjórn sér enga ástæðu til að hefja árásir á Sýrland:

# Obama segir ástandið of flókið

**SÝRLAND, AP** Bandarískir ráðamenn sjá ekki ástæðu til að hefja árásir á Sýrland, þrátt fyrir að aðgerðir sýrlenska hersins gegn mótmælendum og uppreisnarmönnum hafi kostað meira en átta þúsund manns lífið.

„Þetta er miklu flóknara ástand,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti um ástandið í Sýrlandi núna í samanburði við ástandið í Líbíu, þegar aðildarríki Atlantshafsbandalagsins ákváðu að hefja loftárásir til varnar almenningi þar á síðasta ári.

Valerie Amos, yfirmaður mannúðarstarfs Sameinuðu þjóðanna, kom í gær til borgarinnar Homs og fór meðal annars inn í hverfið Baba Amr, sem sýrlenski herinn hafði gert harðar árásir á vikum saman.

Hún sagði markmið heimsóknar sinnar til Baba Amr vera það að hvetja alla aðila til þess að veita hjálparstarfsfólki óhindraðan aðgang svo hægt verði að koma særðu fólki burt og koma nauðsynlegum hjálpargögnum á staðinn.

Átökin í Sýrlandi hafa harðnað jafnt og þétt síðustu vikur og engin lausn í sjónmáli. Assad forseti virðist staðráðinn í að berja niður uppreisnina, sem í staðinn magnast upp með hverri vikunni. **- gb**



**STUÐNINGSFUNDUR Í SÝRLANDI** Stuðningsmenn Bashar al-Assads Sýrlandsforseta komu saman í Damaskus í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Emmessís í útrás:

## Selja 100 tonn af jógúrtís

**VIÐSKIPTI** Emmessís hefur gert samning við finnska ísframleiðslufyrirtækið Ingman Ice Cream um sölu á eitt hundrað tonnum af jógúrtísblöndunni Joger.

Ísinn verður seldur í ísbúðum víðs vegar um Finnland og í Eystrasaltslöndunum. Finnska fyrirtækið er í eigu Unilever, stærsta ísframleiðanda í heimi, og vakti Joger-ísinn athygli fyrir hollustu og bragðgæði. Varan verður kynnt á árlegri sýningu í Helsinki í þessum mánuði. **- obþ**




Til hamingju, Sigríður!

Sigríður Víðis Jónsdóttir hlaut **viðurkenningu Hagþenkis** fyrir bók sína RÍKISFANG: EKKERT.




★★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

„Merkileg bók og vel skrifuð.“

Egill Helgason / Silfur Egils

★★★★

„Þetta er mögnuð bók!“

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir / DV

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu


# Áliðnaðurinn mikilvægur hagkerfinu

**Hagfræðistofnun metur framlag áliðnaðarins á Íslandi 6 til 6,8 prósent af landsframleiðslu. Í greininni starfa um 2.000 manns en að auki áætlar stofnunin að um 2.800 manns starfi í tengdum greinum sem þjónusta áliðnaðinn.**

**EFNAHAGSMÁL** Áliðnaðurinn stóð á árunum 2008 til 2010 beint eða óbeint að baki 6 til 6,8% af landsframleiðslu Íslands. Þetta er niðurstaða Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem hefur rannsakað framlag áliðnaðarins til þjóðarbúsins fyrir Samál, samtök álframleiðenda. Til samanburðar hefur beint og óbeint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslunnar verið áætlað um 17,5%.

Þrjú stór álver eru starfrækt á Íslandi: Í Straumsvík, á Grundartanga og í Reyðarfirði. Samanlagt framleiða þau rúm 800 þúsund tonn af áli á ári sem jafngildir um tveimur prósentum af heimsframleiðslu áls. Í tengslum við starfsemi álveranna starfa um 2.000 manns.

Í skýrslunni kemur fram að áliðnaðurinn verslar við hundruð íslenskra fyrirtækja sem mörg hver eiga allt sitt undir greininni. Áætlar stofnunin því að um 2.800 manns starfi í tengdum greinum við að þjónusta álverin. Það óbeina framlag til landsframleiðslunnar sem þannig skapast er talið vera á bilinu 40 til 51 milljarður króna af þeim 85 til 96 milljörðum sem áliðnaðurinn er talinn skila.

Greining Hagfræðistofnunar byggir á þeirri niðurstöðu að áliðnaðurinn myndi ásamt orkuframleiðsluiðnaðinum á Íslandi svokallaðan grunnatvinnuveg. Það er atvinnuvegur sem staðið getur án stuðnings annarra atvinnuvegra en slíkir atvinnuvegir skapast oft í kringum vinnslu náttúruauðlinda.

Segir í skýrslu stofnunarinnar að atvinnuvegir í hagkerfi myndi vef viðskipta og tengist með fjölmörgum hætti. Flestir atvinnuvegir séu öðrum háðir og geti ekki staðið einir og óstuddir. Því geti reynst erfitt að afmarka framlag hvers og eins. Það sama gildi hins vegar ekki um grunnatvinnuvegi sem skapist oft í kringum tilveru náttúruauðlinda.

Loks kemur fram í skýrslunni að útflutningur á áli hafi á undanförnum árum numið að meðaltali tæpum 40 prósentum af vöruútflutningi, er það svipað hlutfall og sjávarútvegurinn státar af. Hefur vöruskiptajöfnuður greinarinnar verið tugir milljarða króna síðustu ár, lægst verið 35,5 milljarðar árið 2004 en hæst verið tæplega 130 milljarðar.

**magnusl@frettabladid.is**



**HÚSI ATVINNULÍFSINS Í GÆR** Anna Guðrún Ragnarsdóttir, hagfræðingur, vann einkum að gerð skýrslunnar en þeir Ragnar Árnason, prófessor, og Sveinn Agnarsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar lögðu einnig sitt af mörkum. Skýrslan var unnin fyrir Samál, samtök álframleiðenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Rannsóknir á umhverfisáhrifum skortir

Í skýrslu Hagfræðistofnunar er í einum kafla vikið að áhrifum áliðnaðarins á umhverfi og náttúru Íslands. Kemur þar fram að erfitt sé að meta þau verðmæti sem í náttúrunni felist. Því sé það vandasamt verk að meta kostnaðinn sem sennilega hafi fylgt uppbyggingu áliðnaðarins með neikvæðum áhrifum á náttúru landsins. Er það niðurstaða stofnunarinnar að vandaðar rannsóknir á þessari hlið málsins skorti til að meta megi með viðunandi nákvæmni þennan kostnað.

Ríkissaksóknari Noregs hefur birt ákæruskjalið gegn Breivik:

## Ákærður fyrir tvö hryðjuverk

**NOREGUR** Norski hryðjuverkamaðurinn Anders Behring Breivik hefur verið ákærður fyrir 77 morð, fjölmargar morðtilraunir og tvö hryðjuverk. Ríkissaksóknari Noregs telur Breivik ekki sakhæfan, en með þeim fyrirvara að eitthvað geti komið fram sem breyti því mati.

Þetta kemur fram í ákæruskjali frá saksóknaraembættinu, sem birt var í gær. Gert er ráð fyrir því að réttarhöldin hefjist um miðjan apríl.

Byggt var á áliti geðlækna sem telja Breivik vera alvarlega geðsjúkan. Enn er þó beðið mats annars hóps geðlækna, sem fenginn var til að fara yfir fyrra læknamatið. Lögmenn Breiviks segja hann ósáttan við að mat á geðheilbrigði hans sé með í ákæruskjalinu.

Inga Bejer Engh ríkissaksóknari segir hugsanlegt að réttarhöldin muni snúast um að verjendur Breiviks reyni að færa rök að sakhæfi gegn rökum saksóknara um ósakhæfi. Hún segir málið fordæmalaust í norskri réttarsögu.

Breivik hefur viðurkennt að hafa myrt 77 manns með sprengjuárás í miðborg Óslóar og skotárás á ungmennasamkomu á Úteyju 22. júlí síðasta sumar.

Samkvæmt ákæruskjalinu voru 564 á Úteyju þegar Breivik kom þangað, en í háhýsinu í Ósló og á götunum fyrir utan voru samtals 325 manns í lífshættu. **- gb**



**FUNDUR RÍKISSAKSÓKNARA** Þau Inga Bajer Engh og Svein Holden kynntu ákæruskjalið á blaðamannafundi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Blessuð
## MacBook Air vélin
## fæst hjá epli.is



fermingargjöfin í ár

FARTÖLVA ÁRSINS
2011
ENGADGET
AWARDS
EDITORS CHOICE

**Verð frá: 189.990.-**

### iPod touch




**Tilboð: 39.990.-**

Listaverð: 44.990.-

### iPad 2




**Verð frá: 89.990.-**

### iPhone 4



**Verð frá: 99.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**Smáralind**
Opnunartímar:
Virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími: 512 1300 | www.epli.is

**Laugavegi 182**
Opnunartímar:
Virka daga 10-18 | Laugardaga 11 - 16
Sími: 512 1300 | www.epli.is

epli.is

# neytendur
hagur heimilanna

**34,15%** **ER SÚ HÆKKUN** sem hefur orðið á verði 2 lítra kókflösku á 10 árum. Í febrúar kostaði flaskan 275 krónur en tíu árum fyrr kostaði hún 205 krónur.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

***Stundum hefur fólk lent í vandræðum við kökubakstur þar sem koma þarf kremi eða rjóma á milli laga.***

Óþarfa umstang er að baka marga botna því með einföldum og áhrifaríkum hætti er hægt að skipta upp köku sem bökuð hefur verið í djúpu bökunarformi. Gæta þarf þess að kakan fái að jafna sig aðeins áður en hún er tekin úr ofninum, en síðan er brugðið snæri á hana miðja, settur á einfaldur hnútur og dregið í snærisendana þannig að lykkjan sem myndast á snærinu skeri kökuna áður en hnúturinn myndast. Síðan er einfalt að draga snærið með hnútnum út úr kökunni. Gott er að nota girni eða jafnvel tvinna við verkið, því gildari þráður getur orðið til þess að upp úr botninum molnar eða brotnar.



■ **Bílar**

## Hægt að takmarka hraða í nýjum bíl frá Ford

Niðurstöður evrópskra rannsókna sýna að ökumenn yngri en 25 ára eru í þrisvar sinnum meiri hættu á að lenda í alvarlegu umferðaróhappi heldur en eldri ökumenn. Framleiðendur Ford-bifreiða setja í haust á markað bíl sem hægt verður að fá með aukabúnaði sem fær ungt fólk til þess að aka varlegar. Með búnaðinum, sem kallast MyKey, verður hægt að stilla inn þann hámarkshraða sem hægt verður að aka bílnum á, setja dempara á hljóðið úr græjunum í bílnum og minna ökumann á að festa á sig öryggisbeltið. Á sumum bílum verður um staðlaðan búnað að ræða en kaupa verður búnaðinn fyrir aðra bíla.

■ **Slysahætta**

## IKEA innkallar ofngrindur vegna hættu á brunaslysum

Húsgagnaverslunin IKEA hefur innkallað ofngrindur úr NUTID og FRAMTID ofnum þar sem grindurnar sem fylgdu með ofnunum eru ekki nógu breiðar. Þær geta þess vegna dottið niður við notkun og valdið brunaslysum. Í tilkynningu frá IKEA kemur fram að ekki hafi borist tilkynningar um slys.

Innköllunin nær aðeins til ofna með framleiðsludagsetningu 1134-1150 (ár/vika) og ákveðin vörunúmer. Framleiðsludagsetningu og vörunúmer má sjá á miða framarlega innan í ofninum þegar hurðin er opnuð.

Sjálfar ofnskúffurnar passa í ofninn og eru ekki innkallaðar.

# Jafnvægi komið á með innflutningi

**Tollar á nautakjöti og lambakjöti hafa verið lækkaðir til þess að koma á jafnvægi á kjötmarkaði í Noregi. Framleiðsla á nautakjöti er minni en eftirspurn og hefur innflutningur þess vegna aukist.**

Komið verður á jafnvægi á kjötmarkaði í Noregi í ár með innflutningi og hafa tollar á nautakjöti og lambakjöti verið lækkaðir í því skyni, að því er segir á vef norsku landbúnaðarstofnunarinnar.

Samkvæmt spám um horfur á norska kjötmarkaðnum í ár verður framleiðslan á svínakjöti og kjúklingum í Noregi nóg til þess að anna eftirspurninni en samkvæmt samningi við Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO, gilda svokallaðir WTO-innflutningskvótar um bæði fiðurfé og svínakjöt. Vegna nýs samnings við Evrópusambandið (ESB) er búist við því að fugla- og svínakjöt bætist við norska markaðinn en kvótinn fyrir svínakjöt er 600 tonn án tolla og 800 tonn fyrir fuglakjöt.

Framleiðsla á nautakjöti í Noregi er talsvert minni en eftirspurnin. Framleiðslan hefur minnkað á undanförnum árum og innflutningur hefur þess vegna aukist. Í ár verður flutt inn nautakjöt á bæði WTO-kvóta og ESB-kvóta. Þar við bætist innflutningur á nautakjöti til Noregs samkvæmt samningum við Namibíu, Botsvana og Svasíland auk Suður-afríska tollabandalagsins.

Á vefsíðu norsku landbúnaðarstofnunarinnar segir að innflutningurinn verði ekki nægur til þess að koma á jafnvægi á kjötmarkaðnum. Það þýði þó ekki að skortur verði á nautakjöti í ár. Stofnunin geti lækkað tolla á kjöti til þess að auka innflutning á þeim tímabilum sem kjöt vantar. Lágir tollar á nautakjöti verða í gildi þar til 1. apríl.

Greint er frá því að markaðurinn fyrir lambakjöt sé nokkuð stöðugur en árlega er flutt inn lambakjöt til Noregs frá Íslandi, Namibíu, Botsvana og Svasílandi. Búist er við meiri framleiðslu á lambakjöti í Noregi í ár en í fyrra þegar beit var léleg. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir tímabundnum skorti á lambakjöti og hafa tollar þess vegna verið lækkaðir.

Tollkvóti Íslands fyrir lambakjöt til Noregs er 600 tonn. Af einstökum löndum er Noregur mikilvægasti markaðurinn fyrir lambakjötið, að sögn Ernu Bjarnadóttur, hagfræðings hjá Bændasamtökunum. **ibs@frettabladid.is**



**LAMBAKJÖT** Tollkvóti Íslands fyrir lambakjöt til Noregs er 600 tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








**SAMIÐ UM SORPTUNNUR** Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri og Stefán L. Stefánsson, deildarstjóri hjá Kópavogsbæ, undirrituðu samkomulag um endurvinnslutunnur við fulltrúa Hafnarbakka, Svein Hannesson og Ómar Þórðarson.

Níu þúsund endurvinnslutunnum dreift í Kópavogi:

# Vilja endurvinna fjórðung sorpsins

Hefja á flokkun á sorpi til endurvinnslu í Kópavogi í sumar. Markmiðið er að endurvinna allt að fjórðung af því sorpi sem íbúarnir skila frá sér.

„Á hverju ári falla til um 175 kílógrömm af sorpi á hvern íbúa Kópavogs eða samtals 1.300 tonn á ári. Með sorpflokkuninni er vonast til að um 44 kílógrömm af þessum 175 kílógrömmum fari til endurvinnslu,“ segir í tilkynningu frá Kópavogsbæ.

Fram kemur að Kópavogsbær hafi í upphafi ársins efnt til sameiginlegs útboðs með Mosfellsbæ á evrópska efnahagssvæðinu. Alls hafi sjö tilboð borist og tilboð frá Hafnarbakka – Flutningatækni ehf. verið hagstæðast.

„Hafist verður handa við að dreifa um níu þúsund bláum endurvinnslutunnum til bæjarbúa í maí og er miðað við að það taki um það bil fimm vikur að koma þeim til allra íbúa bæjarins,“ segir í fréttinni.

„Markmið Kópavogsbæjar er að auka þjónustu við bæjarbúa, hvetja til endurvinnslu og draga úr úrgangi sem fer til urðunar. Það þýðir að bæjarbúar hafa framvegis tvær tunnur við hús sín; þá svörtu sem verður áfram undir almennt sorp og þá bláu sem í fer pappír, dagblöð, pappakassar og fernur sem sent er til endurvinnslu.“ **- gar**






# 20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF TEINT IDOLE ULTRA

# Á LANCÔME DÖGUM Í HAGKAUP

## KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND, SKEIFUNNI GARÐABÆ, SPÖNGINNI, AKUREYRI OG SELFOSSI

## 8. – 14. MARS

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir
2 Lancôme vörur eða fleiri:

~ Lancôme taska
~ NÝR TEINT IDOLE FARÐI 5 ml
~ Génifique verðlaunadroparnir 7 ml
~ Hydra Zen augnkrem 5 ml
~ Hypnôse Drama maskari
~ Bi-Facil augnfarðahreinsir 30 ml
~ Khol augnblýantur svartur
~ Absolue varalitur

Verðmæti kaupaukans
14.000 krónur




*Gildir ekki með öðrum tilboðum, Bocage eða blýöntum.
Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# ATVINNU

# LAUGARD

## 8. MARS » KL. 10–16

**STEFNUMÓT VIÐ ATVINNULEITENDUR** – Óformlegar málstofur um ný tækifæri og stöðuna á vinnumarkaði

**10:30 Ný störf í grænu hagkerfi með sjálfbærri atvinnusköpun**
Benedikt Stefánsson, Carbon recycling, Guðný Reimarsdóttir, Eco Nord/Clean Tec Iceland, og Skúli Helgason alþingismaður sem stýrir umræðum.

**11:00 Staða og horfur á vinnumarkaði**
Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA. Umræðustjóri er Runólfur Ágústsson, stjórnarformaður Atvinnuleysistryggingasjóðs.

**11:30 Sóknarfæri í orkuvinnslu og orkufrekum iðnaði**
Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, Sigurbjörn Sigurbjörnsson, formaður viðræðunefndar Landssambands lífeyrissjóða um Hverahlíðarvirkjun og Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, sem stýrir umræðum.

**12:00 Vöxtur í verslun og viðskiptum**
Andrés Magnússon framkvæmdastjóri SVÞ, Elías Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs VR, og Guðrún Jóhannesdóttir kaupmaður sem stýrir umræðum.

**12:30 Framtíð velferðarsamfélagsins – mikilvægi opinberrar þjónustu**
Jón Gnarr borgarstjóri, Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri SFR, og Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri TR. Umræðustjóri er Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri.

**13:00 Menntun og atvinna**
Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Bryndís Hlöðversdóttir rektor og Guðmundur Steingrímsson alþingismaður. Umræðustjóri er Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

**13:30 Þjónusta við atvinnuleitendur**
Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, Elín Björg Jónssdóttir, formaður BSRB, og Gissur Pétursson, forstjóri VMST. Umræðustjóri er Hrafnhildur Tómasdóttir, sviðsstjóri ráðgjafar og vinnumiðlunarsviðs VMST.

**14:00 Úr starfsþjálfun í vinnu**
María Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar, Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Eldingar hvalaskoðunar, Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Farfuglaheimilanna í Reykjavík, Árni Júlíus Rögnvaldsson nemi, Jedrzej Spiewak nemi og Bozena Wyrwas nemi. Umræðustjóri er Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis símenntunar. Túlkur er Joanna Ewa Dominiczak.

**14:30 Iðnaður, hugverk og hönnun**
Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, og Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sem stýrir umræðum.

**15:00 Reynslusögur af ráðningum**
Herborg Haraldsdóttir fulltrúi, Guðmundur R. Ólafsson atvinnurekandi, Auður Lára Sigurðardóttir lagerstarfsmaður og Jakob Þór Einarsson, vinnumiðlari og ráðgjafi. Umræðustjóri er Hugrún Jóhannesdóttir, sérfræðingur mannauðssviðs VMST.

Velferðarráðuneytið
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
BSRB
Samtök atvinnulífsins
Alþýðusamband Íslands
Samband íslenskra sveitarfélaga
Bandalag háskólamanna

# MESSA Í ALSHÖLL

## RÁÐGJÖF OG RÁÐNINGARÞJÓNUSTA – ÞÚSUND NÝ TÆKIFÆRI

**Á ATVINNUMESSU** verða kynnt um þúsund ný tækifæri í störfum og starfsþjálfun. Ráðgjafar og ráðningarþjónusta verða til taks allan daginn og leiðbeina atvinnuleitendum um hentug störf, umsóknarferlið og atvinnuviðtalið. Messan er hluti af átakinu Vinnandi vegur en markmið þess er að skapa 1.500 ný störf fyrir lok maí 2012.

### DÆMI UM NÝ STÖRF:

**Aðstoð í prentsmiðju, aðstoð við bólstrara, afgreiðsla og tækniaðstoð, almenn skrifstofustörf, bifvélavirkjun, bílamálun, bílstjórastarf, blaðamennska, bókband, bókhald, dagvistun fatlaðra, fjármálaráðgjöf, færninámskeið í ferðaþjónustu, gagnaskráning, garðyrkjustörf, gerð þrívíddarteikninga og líkana, hársnyrting, heimaþjónusta, hótelstörf, lager og útkeyrsla, landkönnun, lyftuviðgerðir, málmsuðunámskeið, málningarvinna, módelsmíði, móðurmálsþjálfun fyrir leikskólabörn, móttökustjórn, múrverk, námskeið fyrir starfsfólk í móttöku og afgreiðslu, námskeið um meðferð matvæla, nudd, offsetprentun á fjöllita prentvélar, prentsmíði, ræstingar, saumastörf, sérfræðistörf á bókasafni, sérfræðistarf í vöruframsetningu, skrifstofustjórn, snyrtifræðingur, sölu- og markaðsmál, sölumennska, starfsmaður við fánaframleiðslu, steinslípun, tískuritstjórn, tölvukennsla eldri borgara, umhverfisnámskeið, umsjón fasteigna, varahlutasala og lagervinna, vefsíða og skrifstofuumsjón, viðgerðir safngripa, verkefna- og þjónustustjórn, verkamannastörf og verkstjórn.**

**Allir velkomnir!**




**www.vinnumalastofnun.is**

VINNANDI VEGUR »

# skoðun

greinar@frettabladid.is

211 konur vantar í stjórnir fyrirtækja:

## Vannýttur mannauður

Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, sagði í gær frá því að 211 konur vantaði í stjórnir fyrirtækja og lífeyrissjóða svo uppfylla mætti skilyrði laga sem taka gildi haustið 2013. Þá á að vera tryggt að í stjórnum hlutafélaga með fleiri en fimmtíu starfsmenn og lífeyrissjóða sé hlutfall hvors kyns í stjórn ekki lægra en 40 prósent.

Þessi lög voru sett eftir margra ára umræður um hvernig mætti auka hlut kvenna í stjórn fyrirtækja. Þrátt fyrir árvissar heitstrengingar fyrirtækja og samtaka þeirra gerðist nokkurn veginn ekki neitt í þeim málum. Lagasetningin var þess vegna fyrirséð og þeir stjórnendur fyrirtækja, sem nú kvarta undan því að Alþingi taki fram fyrir hendurnar á þeim við stjórnun fyrirtækjanna, vissu nákvæmlega hvers vænta mátti.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Eins og rakið var í Markaðnum í gær breyttust kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja í Noregi á skömmum tíma eftir að sambærileg lög voru sett þar í landi. Hlutfall kvenna í stjórnum skráðra félaga fór úr 9 prósentum í 36 prósent á þremur árum. Ekki hefur orðið vart við að mikið af norskum stórfyrirtækjum hafi farið á hausinn eða að þau séu til muna verr rekin en áður.

Fáir halda því lengur fram í alvöru að ekki sé hægt að finna hæfar konur til að sitja í stjórnum fyrirtækja. Nóg er til af konum með prýðilega menntun og haldgóða reynslu af stjórnun og fyrirtækjarekstri. Algengari mótbára núorðið er að það sé erfitt fyrir eigendur og stjórnendur fyrirtækja að eiga að taka inn í stjórn fólk sem þeir ekki þekki og treysti.

Þar liggur einmitt hundurinn grafinn; hæfni kvenna til að stjórna fyrirtækjum er ekki vandamálið heldur sú staðreynd að þær hafa síður aðgang að margfrægu tengslaneti eigenda og stjórnenda fyrirtækja en karlarnir.

Í skyldunni til að jafna hlut kynjanna í stjórn felst hins vegar tækifæri til að uppfylla um leið önnur skilyrði og ekki síður mikilvæg. Samkvæmt leiðbeiningum Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs og Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja á meirihluti stjórnarmanna að vera óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess og að minnsta kosti tveir stjórnarmenn jafnframt óháðir stórum hluthöfum félagsins.

Þetta skilyrði reglnanna miðar einmitt að því að brjóta upp karla- og kunningsskaparklúbbana sem gjarnan hafa stýrt fyrirtækjum og gerir ráð fyrir að inn í stjórnirnar komi fólk sem er ekki endilega í klíkunni, en lætur fagleg sjónarmið ráða. Mörgum fyrirtækjum ætti að vera í lófa lagið að uppfylla skilyrði leiðbeininganna um leið og konum er fjölgað í stjórn.

Þetta er vel hægt. Það sýnir fréttin sem Samtök atvinnulífsins sendu frá sér í gær um að með síðustu tilnefningum þeirra í stjórnir lífeyrissjóða sé hlutfall kvenna í hópi stjórnarmanna SA orðið 44% og verði helmingur á næsta ári.

Framundan er hrina aðalfunda fyrirtækja. Einmitt í dag er alveg kjörið að eigendur og stjórnendur hlutafélaga einsetji sér að uppfylla lagaskylduna áður en nýju lögin taka gildi. Um leið fá þeir aðgang að þeim mikla mannauði sem felst í starfskröftum kvenna og hefur ekki verið virkjaður sem skyldi í þágu atvinnulífsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hörmungarástand

Þór Saari þingmaður skrifaði á þriðjudag pistil þar sem hann tengdi ástandið í þjóðfélaginu við hina óhugnanlegu morðtilraun sem átti sér stað á lögmannsstofu á mánudag. Þór dregur upp dökka mynd: „Ótal fjölskyldur hafa splundrast og ótal manns hafa í örvæntingu tekið eigið líf og nú virðist sem nýjum „áfanga“ í ömurðinni hafi verið náð með morðtilraun á lögmanni í innheimtugeiranum.“ En hvað segir tölfræðin?



### Ábyrgðarlaust tal

Á árunum 2008 til 2010 voru færri hjúskaparslit á hverja þúsund íbúa en sem nemur stöðugu meðaltali síðustu áratuga. Það sama gildir um fjölda sjálfsvíga árin 2008 og 2009 þótt meðaltalið sé ekki eins stöðugt.

Nýrri tölur er ekki að hafa en fyrirliggjandi gögn renna ekki stoðum undir fullyrðingar Þórs. Það er vitaskuld staðreynd að fjárhagsstaða fjölmargra hefur versnað til muna eftir bankahrunið og því fylgir raunverulegur og átakanlegur sársauki fyrir marga. Það er hins vegar ábyrgðarleysi að mála þá mynd af ástandinu í landinu sem Þór gerir í pistli sínum.

### Ungur gegn gömlum?

Hópur fólks keppist nú við það á Facebook að finna heppilegan frambjóðanda gegn Ólafi Ragnari Grímssyni í forsetakosningum í sumar. Langefst á blaði þar er sjónvarpskonan Þóra Arnórsdóttir, en helst er henni fundinn aldurinn til foráttu. Þóra er 37 ára og aðeins tvö ár síðan hún varð kjörgeng. Það er þó aldrei að vita nema nokkur eftirspurn sé eftir frambjóðanda af yngri kynslóðinni en rúm 68% Íslendinga á kosningaaldri eru nær Þóru í aldri en Ólafi.



magnusl@frettabladid.is
thorunn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Baráttan heldur áfram

Jafnréttismál



Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars, eru þúsundir viðburða um allan heim um viðfangsefni jafnréttisbaráttunnar. Sameinuðu þjóðirnar helga daginn baráttunni gegn hungri og fátækt milljóna kvenna og stúlkubarna. Saga þessa dags spannar nú eina öld og eitt ár betur. Frá upphafi var áherslan á launajafnrétti, bættar vinnuaðstæður og hóflegan vinnutíma. Nú vitum við að líka þarf að breyta menningunni, staðalmyndunum, forgangsröðun stjórnmálanna og efnahagsmálanna og virða þarfir og framlag kvenna og karla til samfélagsins að jöfnu. Krafan er að konur komi að mótun og stjórnun samfélagsins á öllum sviðum þess til jafns við karla.

Íslandi hefur í þrjú ár í röð verið skipað í efsta sæti árlegs lista Alþjóða efnahagsráðsins yfir stöðu jafnréttismála í heiminum. En listinn sýnir líka að mikið vantar upp á að árangur okkar varðandi launamun kynja og hlut kvenna í stjórnunar- og efnahagsmálum sé sambærilegur við árangur á öðrum sviðum jafnréttismálanna.

Á næsta ári taka gildi lög um hlut kynja í stjórnum fyrirtækja. Lögin voru sett í kjölfar þess að árum saman hafði atvinnulífinu ekki tekist af eigin rammleik að auka hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja svo neinu næmi, þrátt fyrir stóraukna menntun kvenna og þrátt fyrir að rannsóknir hafi leitt í ljós að fyrirtæki sem er stjórnað af báðum kynjum eru einfaldlega betur rekin. Nýlega var sýnt fram á að um 200 stjórnarsæti bíða þess að verða skipuð konum. Ég er sannfærð um að íslenskar konur eru tilbúnar til að svara kallinu – sem og atvinnulífið allt.

Um þessar mundir er unnið að framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynja, sem verður kynnt síðar í þessum mánuði. Þá hefur verið ákveðið að gera áætlun um endurreisn fæðingarorlofskerfisins, þar sem marka á stefnu um hækkun á greiðslum í áföngum sem og lengingu orlofsins upp í 12 mánuði. Margt hefur áunnist í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi, þ. á m. hafa lagaákvæði verið hert, en þessari baráttu er bráðnauðsynlegt að halda áfram af fullum krafti. Þessi þrjú mál verða forgangsmál ríkisstjórnar minnar í jafnréttismálum næstu misserin.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sýrland og heimurinn

ÍDAG

Jón Ormur Halldórsson
dósent



Við horfum á enn eina martröðina. Á enn eitt ríki að myrða borgara sína þúsundum saman til varnar forréttindum klíkunnar sem ræður. Við höfum séð þetta svo oft og svo víða að við vitum að þetta hefur ekkert með menningu eða trúarbrögð að gera þótt málsatvik litist alltaf af þess háttar efnum. Og við spyrjum alltaf þess sama. Af hverju stöðvar alþjóðasamfélagið ekki myrkraverkin?

**Alþjóðasamfélagið**

Stutta svarið er einfalt. Alþjóðasamfélagið er ekki til sem fyrirbæri. Þótt hugtakið sé notað á hverjum degi er ekki einfalt að ljá því merkingu umfram umdeildar fræðilegar tilvísanir sem hafa lítið að gera með daglega notkun þess. Alþjóðasamfélagið hefur hvorki skoðanir né getu til athafna. Það er í eðli sínu hugmynd en ekki fyrirbæri. Hugtakið er ofnotað og einnig stundum misnotað.

**Úrskurðarvald**

Til staðar er þó formlegt kerfi til gæslu friðar. Dómstóll þess er öryggisráð SÞ sem getur heimilað stríð til varnar friði. Nokkur stórveldi hafa hins vegar neitunarvald í ráðinu og beita því eftir eigin hagsmunum. Ekki alþjóðasamfélag þar. Kerfið er líka undantekning frá þeirri meginreglu að ríki séu fullvalda og að enginn geti hlutast til um innri málefni þeirra. Kínverjar hafa reynst miklir gæslumenn þeirrar reglu enda á varðbergi gagnvart afskiptum annarra ríkja af því sem þau telja kínversk innanlandsmál. Rússar hafa svipaða sýn en aðra hagsmuni gagnvart Sýrlandi að auki.

**Verktakar**

Ef öryggisráðið samþykkir stríð eða viðskiptabann treystir það á einstök ríki til framfylgdar þeirri stefnu. Stríð Breta, Frakka og fleiri ríkja gegn stjórn Gaddafís í Líbýu byggðist á slíkri ályktun. Rússar og Kínverjar sátu þá hjá en í tilviki Sýrlands beittu þau neitunarvaldi. Það eru þannig herveldi sem fara í stríð eða beita þvingunum í nafni öryggisráðsins. Herveldin sem til greina koma njóta afar lítils trausts í Sýrlandi.

**Óheppilegur tilbúningur**

Sýrland varð til í kringum breska og franska stórveldahagsmuni og er óheppileg smíði. Eðlilegra og líklega stórum heppilegra hefði verið að gera landið að hluta mun stærra ríkis Araba eða þá að skipta því enn meira upp eins og til stóð um tíma. Hvorugt passaði Bretum eða Frökkum. Né Tyrkjum sem fengu sína sneið af landi. Það hentaði hins vegar Frökkum að taka í her sinn fólk úr sýrlenskum minnihlutahópi, samfélagi alavíta, sem lengi hafði verið nokkuð utangarðs. Þessi hópur, um 12% þjóðarinnar, varð því sterkur í sýrlenska hernum og náði að lokum algeru forræði yfir herafla landsins með valdaráni Assadfjölskyldunnar.

> Og við spyrjum alltaf þess sama. Af hverju stöðvar alþjóðasamfélagið ekki myrkraverkin?

**Trúin**

Þrír fjórðu hlutar Sýrlendinga eru súnní múslímar. Þótt flestir séu hófsemdarmenn ríkir almenn tortryggni í garð alavíta sem í trú sinni skera sig talsvert frá súnnítum og að minna leyti shíítum. Vegna ríkrar leyndarhyggju alavíta ganga líka alls kyns sögur um trúna sem oft eru ósannar. Til mjög blóðugra átaka kom á milli íhaldssamra trúarhreyfinga súnní múslíma og hersins eftir að hann lenti undir stjórn alavíta. Þau enduðu með fjöldamorðum hersins á súnnítum. Það er því eðlilegt að alavítar óttist hefndir ef þeir missa stjórn á hernum og landinu. Stórt samfélag kristinna manna óttast líka um sinn hag ef íhaldssamir súnní múslímar ná völdum. Stjórnin kyndir undir þennan ótta.

**Hagsmunir**

Ekkert stórveldi hefur sérstakan hag af falli sýrlensku stjórnarinnar. Rússar telja Sýrland áhrifasvæði sitt. Ísraelsmenn hafa ríkan hag af því að lýðræði komist ekki á í löndum Araba. Bandaríkjamenn myndu fagna endalokum bandalags Sýrlands við Íran en þeir óttast hins vegar að lýðræði í Sýrlandi gæti leitt til óheppilegrar niðurstöðu fyrir þá og Ísrael eins og gerðist með sigri Hamas í Palestínu og trúmanna í Egyptalandi. Bretar og Frakkar eiga ekki olíuhagsmuni í Sýrlandi eins og í Líbýu og Írak. Hvati til íhlutunar er því lítill.

**Hvað á að gera**

Kjósi Tyrkir, ríki Araba og einhver ríki Vesturlanda að sjá uppreisnarmönnum fyrir vopnum gæti það leitt til mjög blóðugra bardaga sem her alavíta gæti hugsanlega unnið. Griðasvæði verða heldur ekki búin til án innrásar í Sýrland. Harðar refsiaðgerðir geta bitnað á þeim sem síst skyldi eins og gerðist í Írak og þétt raðir stjórnarliða eins og gerst hefur í Íran. Stjórnarandstaðan í Sýrlandi er klofin í afstöðu til erlendrar íhlutunar. Þjóðarráðið vill hana en ýmis samtök sem virðast vel tengd inn í sýrlenskt þjóðfélag eru meira efins.

**Vonir**

Foringjar sýrlenska hersins eru nær allir alavítar en meirihluti hermanna er það ekki. Stjórnin treystir því ekki nema hluta hersins. Á alþjóðavettvangi er Kína í mótsögn við eigin stefnu um forystu svæðisbundinna samtaka um lausn deilna. Kína hefur líka hag af auknu samstarfi við Arababandalagið. Jarðvegur virðist geta skapast fyrir vaxandi alþjóðlega hörku gegn ríkisstjórn sem kann að veikjast innan frá með sundrungu í hernum. Víðtækur vilji er meðal ýmiss konar stjórnmálahópa til einhvers konar sátta. Engin leið er auðveld. Allar valda þjáningum. En flestar skárri en vanhugsað stríð.

## AF NETINU

### Fullkomin speki – eftir á



Nokkuð ljóst er af framburði Davíðs, ef frá er skilin eftiráspeki hans, að hann varaði Geir H. Haarde alls ekki við yfirvofandi bankahruni vegna þess að hann gerði sér enga grein fyrir því sjálfur að það væri framundan. Sama gildir um vitnisburð Arnórs Sighvatssonar, aðstoðarseðlabankastjóra. Hann sagði frammi fyrir Landsdómi í gær að allt frá 2005 hafi verið of seint að bjarga íslenska bankakerfinu. Ekkert bendir til þess að Arnór hafi öðlast þessa speki fyrr en eftir hrun.

Hví er Mervyn King, bankastjóri Englandsbanka, ekki á vitnalista saksóknara Alþingis? Er það vegna þess að hann talar ekki íslensku? Má ekki ómaka svona fína menn? Hann gæti varpað ljósi á merkingu bréfsins sem Davíð Oddsson túlkar á sinn einstaka hátt. Dettur nokkrum manni í hug að King myndi fallast á þá skýringu að boð hans um að gera allt í sínu valdi til að aðstoða Íslendinga við að minnka bankakerfið hafi verið marklaust kurteisishjal?

http://www.pressan.is/pressupennar/LesaOlafArnarson

Ólafur Arnarson



LSR – sjóðfélagafundur

Í tilefni af nýlegri skýrslu um úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008 boðar stjórn LSR til fundar með sjóðfélögum.

Miðvikudaginn 14. mars kl. 16:30
Hilton Reykjavík Nordica
Suðurlandsbraut 2, Reykjavík

Skýrslu úttektarnefndar má nálgast á heimasíðu sjóðsins www.lsr.is

Stjórn LSR

LSR LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS

Bankastræti 7 · 101 Reykjavík · Sími: 510 6100 · Fax: 510 6150 · lsr@lsr.is · www.lsr.is

FordTransit
Standard heitur alla morgna

Ford
Nýtt tákn um gæði

FordTransit sendibíll
Verð án vsk. frá 3.338.645 kr. (áður 3.577.690 kr.)
Verð með vsk. frá 4.190.000 kr. (áður 4.490.000 kr.)
300.000 kr. lækkun

Stilltu klukkuna að kvöldi og þú byrjar daginn heitur að morgni. Tímastillanleg olíumiðstöð er staðalbúnaður í Transit. Vertu í hópi þeirra bestu. Kauptu Ford.





FordTransit 8-9 sæta
fyrir leigubílstjóra / bílaleigur
FordTransit 14-18 sæta
fyrir hópferðaleyfishafa
FordTransit 6 sæta
með palli, fyrir vinnuflokka

VERÐLÆKKUN

FordTransit Connect sendibíll
Verð án vsk. frá 2.382.470 kr. (áður 2.541.833 kr.)
Verð með vsk. frá 2.990.000 kr. (áður 3.190.000 kr.)
200.000 kr. lækkun

skoðaðu greiðslukjörin
nýttu verðmætin í gamla bílnum
við kaupum hann kaupir þú nýjan

Notaðu sérþjónustu atvinnubíla Ford
Komdu í kaffi og spjallaðu við okkur. Segðu okkur hvað þú ert að pæla og við finnum örugglega hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

Komdu í kaffi á milli kl. 9 og 17

FordTransit fjórhjóladrifinn (AWD) sendibíll
Verð án vsk. frá 4.772.908 kr. (áður 5.250.996 kr.)
Verð með vsk. frá 5.990.000 kr. (áður 6.590.000 kr.)
600.000 kr. lækkun

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar.

# Mannorð mitt var hreint fram að þessu

Kynferðisofbeldi

Svala Ísfeld Ólafsdóttir
dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík



Hugleiðing Bjargar Magnúsdóttur, Ein nakin og annarri nauðgað, sem birtist í Fréttablaðinu 28. feb. í tilefni af frétt þess efnis að 16 ára stúlka hefði orðið fyrir hópnauðgun í miðbæ Reykjavíkur að næturþeli minnir okkur enn og aftur á mátt fordómanna og hve mikilvægt er að halda ekki lífinu í þeim heldur uppræta þá. Björg lýsir þeim hugsunum sem flugu gegnum huga hennar er hún heyrði fréttina en þær sneru fyrst og fremst að hegðun og ástandi stúlkunnar. Er lofsvert af henni að gera þær að umfjöllunarefni.

Hvað er það sem gerir það að verkum að þolendur kynferðisofbeldis, sérstaklega ungar konur sem verða fyrir því að vera nauðgað „úti á lífinu“, eru oft og tíðum svo harkalega dæmdar? Af hverju skella sumir skuldinni á fórnarlambið og kenna því um að stúlkan hafi verið of drukkin, of dópuð, ein á ferð, allt of seint á ferð, í allt of stuttu pilsi, í netasokkabuxum, sokkabuxnalaus, of mikið máluð, í of flegnum bol, of daðurgjörn o.s.frv. Með öðrum orðum að hún hafi í raun boðið hættunni heim. Vissulega getur fólk fundið sig í aðstæðum sem eru hættulegri en aðrar, en það réttlætir aldrei að hópur karla ógni ungri og hjálparlausri stúlku á almannafæri og brjóti svívirðilega gegn henni.

„Af hverju kallaði hún ekki á hjálp? Það hlýtur að hafa verið fullt af fólki í miðbænum?“ spurði einhver í kjölfar fréttarinnar. Sé það rétt að hún hafi ekki kallað á hjálp getur ástæðan verið að hún hafi lamast af hræðslu eða gert sér grein fyrir í þessum skelfilegu aðstæðum að hún átti við ofurefli að etja. Í þessu ljósi tók hún þá skynsamlegu ákvörðun að gera allt sem hún gæti til að takmarka tjónið og ögra ekki þessum hópi manna með hrópum vitandi ekkert um hvort þeir myndu þagga niður í henni með ofbeldi eða hreinlega ganga af henni dauðri.

Árið 2011 leituðu 117 konur og einn karlmaður til Neyðarmóttöku vegna nauðgunar. Þá leituðu 246 konur á móti 32 karlmönnum til Stígamóta árið 2011. Þessar tölur sýna að fjöldi kvenna verður fyrir kynferðisbroti á ári hverju og eru nauðganir þar í stórum hluta. Jafnframt er það þekkt staðreynd að þessar opinberu tölur endurspegla ekki raunveruleikann þar sem miklu fleiri konur verða fyrir kynferðisbrotum árlega en tölur yfir mál hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum gefa til kynna. En af hverju kæra konur ekki kynferðisbrot? Ástæðan er ekki síst skömmin. Meðal annars skömmin yfir að „hafa gerst sekur um það“ sem almenningur fordæmir. Að hafa verið of ölvuð, of mikið máluð, í of stuttu pilsi o.s.frv.

Sú var tíðin og ekki er svo ýkja langt síðan að rannsökuð var sérstaklega „kynhegðun“ kvenna sem hafði verið nauðgað. Konur og stúlkur, sem kærðu menn fyrir nauðgun, máttu þola að reknar væru úr þeim garnirnar hjá lögreglu og fyrir dómi, eins og þær væru sjálfar sakborningar, og þær spurðar nákvæmlega út í kynlíf sitt, eins og það skipti máli um alvarleika verknaðarins hvort þolandinn hefði verið búin að missa meydóminn eða hefði sofið hjá og meira að segja sofið hjá fleiri en einum einstaklingi. Kynhegðun gerandans var aftur á móti ekki til rannsóknar, nema hann hefði áður verið kærður eða dæmdur fyrir kynferðisbrot.

Sem betur fer hefur margt áunnist í þessum málaflokki síðan spurningar um kynhegðun kvennanna voru í brennidepli. Neyðarmóttöku vegna nauðgunar var komið á fót, sérstök deild innan lögreglunnar fer með rannsókn þessara mála, þau fá flýtimeðferð í kerfinu, löggjafinn hefur rýmkað nauðgunarhugtakið og dómar hafa þyngst svo eitthvað sé nefnt.

Yfirskrift þessa pistils er sótt úr í frásögn konu sem hafði verið nauðgað og tók þátt í rannsókn á

> Sú var tíðin og ekki er svo ýkja langt síðan að rannsökuð var sérstaklega „kynhegðun“ kvenna sem hafði verið nauðgað.

þolendum nauðgunar. Hið dapurlega við þessi orð er að fórnarlambið sjálft, sem hafði ekkert til saka unnið, skyldi láta þessi orð falla, en ekki brotamaðurinn. Skömmin og sektarkenndin sem þolendur nauðgunar upplifa á sér víst rætur í umhverfinu og þeim fordómum sem þar þrífast. Skömmin hefur mörg andlit eins og það að hafa ekki verið rétt klæddur eða hafa ekki brugðist rétt við. Kynferðismök án samþykkis er nauðgun. Nauðgun er ofbeldisverknaður sem varðar fangelsisrefsingu.

Þá skulum við ekki gleyma því að hópnauðgunin sem var fréttaefni í lok febrúar er ekki hin dæmigerða nauðgun. Hún var framin af mönnum sem fórnarlambið þekkti ekki. Hin dæmigerða nauðgun er þegar einhver sem þolandinn þekkir, eins og maki, kærasti, vinur eða kunningi, þröngvar fram vilja sínum til kynferðismaka með líkamlegu ofbeldi eða hótun. Tengsl við ofbeldismanninn draga ekki úr alvöru glæpsins.

# Enn er mikið verk að vinna

Jafnréttismál

Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra



Í dag er haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna í 101. sinn. Í tilefni dagsins sendi ég konum um land allt baráttukveðjur. Sameinuðu þjóðirnar helga daginn valdeflingu kvenna í dreifbýli og útrýmingu hungurs og fátæktar. Í Reykjavík verður sjónum beint að stöðu eldri kvenna við starfslok. Þetta er þarft umfjöllunarefni. Mikill auður og reynsla býr með þeim sem eldri eru en laun heimsins eru ekki alltaf í samræmi við það. Úti í Evrópu er mikið rætt um að lengja starfsævina í ljósi þess hve líf fólks hefur lengst en barneignum fækkað. Þar er spurt hver á að vinna fyrir velferð borgaranna í framtíðinni.

Staða okkar er öðruvísi, bæði er eftirlaunaaldur hærri og fæðingartíðni með því mesta sem gerist. Engu að síður þurfum við að vera vakandi yfir breytingum og kjörum sístækkandi hóps eldri borgara. Við búum að öflugum lífeyrissjóðum og almannatryggingum sem tryggja fólki lágmarksframfærslu. Það er staðreynd að stór hluti kvenna sem nú er á eftirlaunaaldri sinnti einkum börnum og búi. Margar voru í hlutastarfi á vinnumarkaði, oft á lágum launum og borguðu því lítið í lífeyrissjóði. Þetta verður að hafa í huga þegar rætt er um kjör eldri borgara hér á landi en þetta breytist eftir því sem hlutverk lífeyrissjóðanna eykst.

Samkvæmt mælingum Alþjóðaefnahagsráðsins (WEF) um jafnrétti kynjanna hefur Ísland reynst standa sig best í heiminum síðustu þrjú ár. Þetta er ánægjulegt og mikilvægt að sjá að við þokumst fram á við og náum árangri. Staðan í stjórnmálum, hátt menntunarstig og ýmis félagsmál skila okkur efsta sætinu en staðan á vinnumarkaði er okkar veika hlið. Enn er mikið verk að vinna meðan hallar á konur félagslega og efnahagslega.

Af brýnum verkefnum ber fyrst að nefna launamisrétti kynjanna sem enn viðgengst þrátt fyrir lög og ýmsar aðgerðir í áranna rás. Tölur sýna að eftir hrunið haustið 2008 dró saman með kynjunum og launabilið minnkaði. Nýjustu fregnir benda til þess að launamunurinn aukist að nýju, í það minnsta í ákveðnum starfsstéttum. Því er mikilvægt að grípa þegar til aðgerða til að stöðva þessa þróun og þar gegna atvinnurekendur og stjórnendur meginhlutverki.

Stór könnun árið 2008 sýndi mun meiri launamun kynjanna á landsbyggðinni en í þéttbýli. Samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum verður Byggðastofnun falið að greina orsakir þessa launamunar og síðan verður samin aðgerðaáætlun til að taka á honum. Nýlega tók til starfa á vegum velferðarráðuneytisins framkvæmdanefnd um launajafnrétti kynjanna sem á að samhæfa aðgerðir til að draga úr launamisrétti. Ætlunin er að safna saman upplýsingum um árangursríkar aðgerðir og blása svo til sóknar. Enn er unnið að gerð jafnlaunastaðals en það hefur reynst mun flóknara verk en ætlað var.

Íslenskur vinnumarkaður er enn mjög kynskiptur og störf metin eftir því hvort þau eru að mestu unnin af konum eða körlum. Þar ríkja aldagamlar hugmyndir um hlutverk og stöðu kynjanna sem ættu að vera horfnar fyrir löngu.

Við þurfum að herða róðurinn við að breyta staðalmyndum kynjanna sem koma í veg fyrir að karlar leiti í umönnunarstörf og konur í störf í iðnaðarmanna eða tölvutækni svo dæmi séu tekin. Mestu skiptir að rótgrónar hugmyndir komi ekki í veg fyrir að fólk láti drauma sína rætast við val á námi og starfi. Laun skipta verulegu máli við val á störfum og löngu tímabært að endurmeta launakerfi í ljósi gjörbreytts þjóðfélags þar sem umönnun barna og gamals fólks gegnir lykilhlutverki við að halda hjólum atvinnulífsins gangandi. Ef umönnunarstétta nyti ekki við ættu margir erfitt með að stunda vinnu utan heimilis.

Við megum ekki gleyma því hve uppbygging velferðarþjónustu, svo sem fæðingarorlofs og leikog grunnskóla, á ríkan þátt í því kynjajafnrétti sem hér ríkir þrátt fyrir allt. Eitt þeirra verkefna sem velferðarráðuneytið mun setja á oddinn á næstunni er að hækka þakið á greiðslum í fæðingarorlofi sem vonandi eykur þátttöku feðra að nýju. Árið 2008 var í undirbúningi að lengja fæðingarorlof í tólf mánuði. Enn gefa ríkisfjármálin ekki svigrúm til þess en verkefnið er geymt en ekki gleymt.

Enn eitt mál sem á okkur brennur er áberandi kynjahalli í stjórnum fyrirtækja í landinu. Nú styttist í að lög um kynjakvóta í stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga gangi í gildi en það verður í september 2013. Einstaka fyrirtæki hafa þegar brugðist við og fjölgað konum en miklu betur má ef duga skal. Á vettvangi ríkis og sveitarfélaga hefur kvótum verið beitt í öllum nefndum, ráðum og stjórnum frá árinu 2008 og hefur það bæði tekist vel og gefist vel.

Að lokum vil ég nefna baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi sem eitt brýnasta viðfangsefni samtímans. Könnun á vegum félagsmálaráðuneytisins leiddi í ljós að um það bil fimmta hver kona hér á landi upplifir ofbeldi í nánum samböndum og yfir 40% kvenna verða fyrir einhvers konar kynbundnu ofbeldi á ævi sinni. Innan skamms mun ný aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar líta dagsins ljós byggð á þeirri þekkingu og reynslu sem fyrir liggur. Vonandi tekst okkur að búa betur að þolendum, fræða almenning og fagstéttir og það sem skiptir mestu máli – að draga úr ofbeldi karla gegn konum sem á ekki að líðast.

# Launamunur kynjanna er mannréttindabrot

Jafnréttismál

Védís Guðjónsdóttir
varaformaður SFR stéttarfélags í almannaþjónustu



**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Tilkynningar

ÁS STYRKTARFÉLAG

**Aðalfundur**

Ás styrktarfélag heldur aðalfund sinn í safnaðarheimili Digraneskirkju í Kópavogi þriðjudaginn 20. mars kl. 20.00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kynning á endurskipulagi á dagþjónustu félagsins.

Kaffiveitingar.

*Félagar og annað áhugafólk, fjölmennið.*

*Stjórnin.*

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

**Lýsing landsskipulagsstefnu 2013-2024 ásamt matslýsingu vegna umhverfismats**

Skipulagsstofnun hefur tekið saman lýsingu á gerð landsskipulagsstefnu og umhverfismati sbr. reglugerð um landsskipulagsstefnu (nr. 1001/2011).

Stofnunin auglýsir hér með eftir athugasemdum og ábendingum við lýsinguna og geta allir sem þess óska komið athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun innan þriggja vikna frá birtingu þessarar auglýsingar.

Hægt er að nálgast lýsinguna á vef Skipulagsstofnunar **www.skipulagsstofnun.is** og vefsetri landsskipulagsstefnu **landsskipulag.is.** Einnig liggur hún frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík.

Athugasemdir sendist í síðasta lagi 29. mars 2012 til Skipulagsstofnunar Laugarvegi 166, 150 Reykjavík eða á netfangið **landsskipulag@skipulagsstofnun.is**

**Skipulagsstofnun**

Byggðastofnun

## Verkefnisstjóri sóknaráætlana landshluta

Byggðastofnun óskar eftir að ráða verkefnisstjóra til að starfa með stýrineti ráðuneyta að gerð og útfærslu sóknaráætlana landshluta. Verkefnisstjórinn er ráðinn til Byggðastofnunar en verður staðsettur í Arnarhvoli í Reykjavík og hefur aðgang að vinnuaðstöðu hjá Byggðastofnun á Sauðárkróki. Starfið krefst umtalsverðra ferðalaga um landið. Verkefnisstjórinn verður tengiliður milli ráðuneyta, landshlutasamtaka sveitarfélaga, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnunar. Um er að ræða fullt starf til eins árs.
Sóknaráætlanir landshluta eru eitt verkefni innan Ísland 2020 sem er stefnumörkun og framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag. Vinna við verkefnið hófst í byrjun árs 2011 en í þeim áfanga var opnað fyrir áveðinn samskiptaás milli Stjórnarráðsins og átta landshlutasamtaka sveitarfélaga sem áframhaldandi vinna mun að byggja á. Sóknaráætlunum landshluta er ætlað skerpa og skýra samskiptaferlið milli ríkis og sveitarfélaga . Með slíkum samskiptaási ættu sveitarfélög landsins í gegnum landshlutasamtökin að hafa aukin áhrif á úthlutun almannafjár og þannig hafa áhrif á forgangsröðun opinberra verkefna í eigin landshlutum hvort sem þau snúa að fjárfestingum eða rekstri.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Gerð er krafa um háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslu er æskileg.
- Gerð er krafa um reynslu af verkefnastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð.
- Þekking á byggðamálum og reynsla af samskiptum við sveitarfélög er mjög æskileg.

**Starfið krefst:**
- Greiningarhæfileika og eiginleika til að hafa góða yfirsýn.
- Sjálfstæðis í vinnubrögðum, skipulagshæfni og markvissra vinnubragða.
- Frumkvæði, áhuga og metnaðar í starfi ásamt hæfni til að starfa sjálfstætt sem og með hópi.
- Jákvæðs viðmóts og lipurðar í mannlegum samskiptum.
- Hæfni í framsetningu upplýsinga og góðrar tölvukunnáttu.
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti.

Laun samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.
Starfið hentar jafnt konum sem körlum.
Starfsmaður þarf að geta hafið störf 1. apríl 2012.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar í síma 455 5400.
Umsóknir skulu sendar til Byggðastofnunar, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki, eða á netfangið byggdastofnun@byggdastofnun.is fyrir 17 mars.



Disovery Channel er fáanleg í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR FJÖLVARP LANDSBYGGÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

STERK
ATVINNUAUGLÝSING Á RÉTTUM STAÐ

**Vertu með atvinnuauglýsinguna þína í Fréttablaðinu, mest lesna blaði landsins.***

*Atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu birtast líka á atvinnuvef Vísis.*




*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup október–desember 2011

FRÉTTABLAÐIÐ
vísir ATVINNA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:
VIÐAR INGI PÉTURSSON vip@365.is 512 5426
HRANNAR HELGASON hrannar@365.is 512 5441

# NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

100% HREINT UNGNAUTAKJÖT

35% afsláttur

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI

UNGNAUTAHAKK

998 KR./KG

~~1598~~

## Úrval, gæði og þjónusta í Nóatúni

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

100% HREINT UNGNAUTAKJÖT

UNGNAUTA-HAMBORGARI, 90 G,
169 KR./STK.

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI

LAXAFLÖK BEINHREINSUÐ
1698 KR./KG

ÚR FISKBORÐI · FERSKIR Í FISKI

TANDOORI KJÚKLINGUR
799 KR./KG

LAX Í HEILU
898 KR./KG

ÚR FISKBORÐI · FERSKIR Í FISKI

PASTELLA FERSKT PASTA FETTUCCINE/LASAGNE
228 KR./PK.

20% afsláttur
LAXASNEIÐAR
998 KR./KG
~~1298~~

ÚR FISKBORÐI · FERSKIR Í FISKI

CASA FIESTA
20% afsláttur
AF VÖLDUM VÖRUM

TILDA BASMATI HRÍSGRJÓN, 5 X 100G
319 KR./PK.

CAMPAGNA TÓMATAR Í ÚRVALI
99 KR./STK.

TE OG KAFFI SÆLKERABLANDA INDÓNESÍA, BAUNIR/MALAÐ
728 KR./PK.

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

Opið til miðnættis alla daga 8-24

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** létt högg á dyr, **6.** tveir eins, **8.** spor, **9.** dýrahljóð, **11.** leita að, **12.** píp, **14.** rispa, **16.** berist til, **17.** hlaup, **18.** for, **20.** mun, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útgáfunúmer tónverks, **3.** frá, **4.** dúkknál, **5.** knæpa, **7.** klerkur, **10.** kusk, **13.** kaðall, **15.** bor, **16.** hryggur, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** bank, **6.** pp, **8.** far, **9.** urr, **11.** gá, **12.** seytl, **14.** skora, **16.** bt, **17.** gel, **18.** aur, **20.** ku, **21.** króm.

**LÓÐRÉTT: 1.** ópus, **3.** af, **4.** naglrek, **5.** krá, **7.** prestur, **10.** ryk, **13.** tog, **15.** alur, **16.** bak, **19.** ró.




„MEÐ ÁRUNUM HEF ÉG LÆRT AÐ BRÝNA KLÆRNAR OG SEGJA SKOÐUN MÍNA UMBÚÐALAUST, HÁTT OG SKÝRT,“

segir fréttakona Helga Arnardóttir sem hlaut blaðamannaverðlaun Íslands fyrir umfjöllun um endurupptöku Guðmundar og Geirfinnsmálsins í Íslandi í dag.

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM


# Sætustu stelpuna á Bessastaðaballið

**BAKÞANKAR**
**Friðriku Benónýs**



Efnt hefur verið til nokkurs konar raunveruleikaþáttar þar sem ræddir eru kostir og lestir hugsanlegra forsetaframbjóðenda. Enginn af kandídötunum hefur reyndar skráð sig til leiks í þættinum, en þeir eru engu að síður vegnir og metnir, gefnar einkunnir og stimplaðir hæfir eða óhæfir. Helsta niðurstaða dómara þáttarins hingað til er að það sé kominn tími á að fá konu í forsetaembættið.

**Á ÞVÍ** hvaða kona það á að vera eru skiptar skoðanir en um eitt eru allir sammála: Hún verður að vera frambærileg. Hún verður að vera hugguleg. Bjóða af sér góðan þokka. Kunna að haga sér í fínum selskap. Tala sem flest erlend tungumál. Hún má ekki hafa verið umdeild. Fólkið verður að vita hver hún er. Helst á hún að hafa reynslu úr sjónvarpi og góðan skjáþokka. Hverjar skoðanir hennar eru og hvaða mann hún hefur að geyma bak við hina frambærilegu framhlið er algjört aukaatriði.

**ÞETTA** eru um það bil sömu skilyrði og gjafvaxta heimasætur á Viktoríutímanum þurftu að uppfylla áður en þær voru kynntar í samkvæmislífinu í þeim tilgangi að þær næðu sér í mann. Íslenska þjóðin virðist líta á forsetann sem barnið sitt og auðvitað vill ekkert foreldri að blessað barnið verði því til skammar. Og stelpur eru stilltari, eins og við vitum öll, og láta betur að stjórn.

**ENGAR** slíkar kröfur virðast gerðar til þeirra karla sem hinir sjálfskipuðu dómarar í raunveruleikaþættinum Framboð til forsetaembættis hafa nefnt til leiks. Þau orð sem oftast heyrast nefnd í sambandi við þá eru: Vandaður, víðsýnn og hefur yfirsýn yfir alþjóðasamfélagið. Reynsla af opinberum erindrekstri er þar líka ofarlega á blaði, ef þau störf hafa ekki verið á vegum stjórnmálaflokks. En enginn hefur minnst á frambærileika eða almenna mannasiði í opinberum veislum. Menntaðir karlar eru kannski bara frambærilegir frá náttúrunnar hendi og óþarfi að nefna slíkan tittlingaskít í sambandi við þá.

**SPURNINGIN** sem þessi umræða vekur er þessi: Er forsetaembættið bara til skrauts? Hásæti þar sem vel er við hæfi að tylla sætri vel uppalinni konu sem engin hætta er á að geri nokkurn usla? Sem getur mætt í konungsbrúðkaup á skautbúningi og vitað í hvaða röð á að nota hnífapörin? Er krafan um konu sem forseta sprottin af þeirri þrá þjóðarinnar að eftir sextán ára setu dramadrottningar setjist í embættið lítil prinsessa sem treysta má að hafi vit á því að halda kjafti og vera sæt?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





NÝR 8BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
GIGABYTE
129.900
GIGABYTE
99.900
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
GIGABYTE
149.900
GIGABYTE
179.900
4GB MINNISLYKILL
990
22" PAKKI
29.900
24" PAKKI
36.900
27" PAKKI
54.900
PlayTab 2PRO
19.900
USB GLINGUR
FRÁ 990
NÝR VEFUR
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



40% afsláttur

**2298** kr. kg

Verð áður ~~3849~~ kr. kg

Ungnautapiparsteik, erlend



50% afsláttur

**2449** kr. kg

Verð áður ~~4898~~ kr. kg

Ungnauta entrecode,erlend



40% afsláttur

**2298** kr. kg

Verð áður ~~3849~~ kr. kg

Ungnautamínútusteik, erlend

# NAUTAVEISLA!



20% afsláttur

**2698** kr. kg

Verð áður ~~3398~~ kr. kg

Lambaprime



**1498** kr. kg

Lambalæri m/hvítlauk og rósmarín



**898** kr. kg

Lambasúpukjöt, 1. flokkur



**679** kr. pk.

Cocoa Puffs, 625 g



**519** kr. pk.

Kellogg´s Special K, 500 g



**298** kr. pk.

LU kex, 4 tegundir

## Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

# NAUTAKJÖT
## – á verði fyrir þig!



30% afsláttur

**1698** kr. kg
Verð áður ~~2498~~ kr. kg
Ungnautagúllas



30% afsláttur

**1998** kr. kg
Verð áður ~~2897~~ kr. kg
Ungnautasnitsel



**398** kr. pk.
Ungnauta hamborgari, 120 g, 2 í pk.

# FRÁBÆRT VERÐ!



33% afsláttur

**998** kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur



**749** kr. kg
ÍM ferskur kjúklingur



Þarf aðeins að hita!

**1998** kr. kg
Ungnautapottréttur, tilbúinn



**379** kr. stk.
Krónuís, 3 bragðtegundir, 1,33 l



50% afsláttur
af nammibarnum
á föstudögum og laugardögum

Pepsi eða Pepsi Max
33 cl
Fylgir öllum nammipokum af nammibarnum föstudag og laugardag ef verslað er 250 g eða meira!

*Meðan birgðir endast

KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is

# menning

menning@frettabladid.is



**HLJÓMSVEITIN AGENT FRESCO** spilar á órafmögnuðum tónleikum ásamt strengjasveit í Gamla Bíói annað kvöld, föstudagskvöldið 9. mars, en sú sveit leikur ekki oft órafmagnað. Agent Fresco gaf út breiðskífuna A Long Time Listening í lok árs 2010 en um þessar mundir er sveitin að undirbúa tónleikaferð um Evrópu.




# Flóttakonurnar eru hetjur

**Sigríður Víðis Jónsdóttir hlýtur viðurkenningu Hagþenkis í ár fyrir verk sitt Ríkisfang: Ekkert, sem byggir á viðtölum við palestínskar flóttakonur.**



**STÓR STUND** Palestínsku flóttakonurnar, umfjöllunarefni bókarinnar Ríkisfang: Ekkert, voru mættar í Þjóðarbókhlöðuna þar sem Sigríður Víðis Jónsdóttir veitti verðlaunum Hagþenkis viðtöku. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Vinnan við þessa bók var dýrmæt reynsla fyrir mig persónulega, en viðbrögðin við henni eru ekki síður ánægjuleg; að sjá að þetta er efni sem getur snert við svo mörgum og að fólk getur sett sig í spor þessara flóttakvenna. Þær voru í óbærilegri stöðu í Írak en komu svo hingað, mállausar, til framandi lands og komu standandi niður. Þær eru hetjur,“ segir Sigríður Víðis Jónsdóttir sem í gær var sæmd viðurkenningu Hagþenkis, félags höfunda fræðibóka og kennslugagna, fyrir bók sína Ríkisfang: Ekkert. Flóttinn frá Írak á Akranes. Verðlaunaupphæðin er ein milljón króna og koma öll fræðirit sem gefin eru út á Íslandi til greina við veitingu viðurkenningarinnar.

Í ályktunarorðum viðurkenningarráðs Hagþenkis er verki Sigríðar, sem byggir á viðtölum við átta palestínskar flóttakonur sem komu til Akraness haustið 2008 ásamt ungum börnum sínum, lýst sem „metnaðarfullu verki sem samþættir með upplýsandi og áhrifamiklum hætti lífshlaup einstaklinga og sögulega atburði sem þeir hafa litla sem enga stjórn á“. Þá gat formaður viðurkenningarráðsins, Dr. Unnur Birna Karlsdóttir, þess í ávarpi sínu að ritið væri lóð á vogarskálar mennskunnar í heiminum.

Sigríður segir viðurkenningu Hagþenkis mikinn heiður, en að baki verkinu liggur nærri þriggja ára þrotlaus vinna. „Það er ánægjulegt að hafa náð til svo breiðs lesendahóps. Ég hef heyrt svo marga jákvæða hluti frá ótal mörgum og greinilegt að bókin hefur haft áhrif. Fyrirfram vonaðist ég auðvitað til þess að fólk vildi ræða málefni flóttafólks eftir lestur bókarinnar og sú hefur svo sannarlega orðið raunin. Sem dæmi hafa ýmsir hópar, félagasamtök og fleiri, tekið sig saman og skipulagt umræður um þessi mál. Í raun hefur verið svo mikið að gera í kringum gerð og útgáfu bókarinnar að þessa dagana er ég aðeins að blása úr nös og jafna mig,“ segir Sigríður og bætir aðspurð við að á þessari stundu hafi hún ekki gert áform um frekari bókaskrif, en hún starfar í dag sem upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi.

Höfundurinn segir náið og gott vináttusamband hafa myndast milli sín og umfjöllunarefna bókarinnar, en sjálf kemur Sigríður upprunalega frá Akranesi. „Sú vinátta ríkir enn og þegar ég fer upp á Skaga geng ég hús úr húsi í heimsóknir.“

kjartan@frettabladid.is

## TILNEFNINGAR

*Auk bókar Sigríðar voru eftirtalin verk tilnefnd til verðlauna Hagþenkis:*

**Mannvist**
Sýnisbók íslenskra fornleifa. Aðalhöfundur og ritstjóri er Birna Lárusdóttir.

**Nútímans konur**
Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903 eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur.

**Íslenskur fuglavísir**
eftir Jóhann Óla Hilmarsson.

**Landnám**
Ævisaga Gunnars Gunnarssonar eftir Jón Yngva Jóhannsson.

**Íslensk listasaga I-V frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar**
Ritstjóri er Ólafur Kvaran.

**Jón forseti allur?**
Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar eftir Pál Björnsson.

**Trúmaður á tímamótum**
Ævisaga Haralds Níelssonar eftir Pétur Pétursson.

**Lestrarlandið**
Ritstjóri er Sylvía Guðmundsdóttir.

**Sæborgin**
Stefnumót líkama og tækni í ævintýri og veruleika eftir Úlfhildi Dagsdóttur.








**VÍÐUR SJÓNDEILDARHRINGUR** Marije Vogelzang og Koert van Mensvoort eru á meðal þeirra sem koma fram á fyrirlestradegi HönnunarMars.

# Framsæknir hönnuðir ræða málin

Hlutverk hönnuða verður til umræðu á fyrirlestradegi sem markar upphaf HönnunarMars þann 22. mars næstkomandi. Daginn þann munu fjórir framsæknir hönnuðir stíga á stokk og greina frá hugmyndum sínum. Þema fyrirlestradagsins er samstarf þvert á greinar - mikilvægi þess að sækja sér þekkingu úr ólíkum áttum og deila sérþekkingu milli fagsviða.

Hönnuðirnir sem koma fram eru í fyrsta lagi Marije Vogelzang, frumkvöðull á sviði matarhönnunar. Vogelzang leitar hugmynda í siðum, sögu, menningu og uppruna matvæla en hún stofnaði og hannaði meðal annars tilraunakenndu veitingastaðina PROEF í Rotterdam og Amsterdam.

Í öðru lagi Tuomas Toivonen, arkitekt og tónlistarmaður. Toivonen stendur nú fyrir opnun fyrstu almenningssánunnar í Helsinki um langt árabil. Markmiðið er að skapa stað fyrir samveru á grundvelli baðmenningar í borginni.

Þriðji hönnuðurinn sem heldur fyrirlestur er Koert van Mensvoort, vísindamaður og listamaður hjá NextNature.net. Fátt er Koert van Mensvoort óviðkomandi, hann er doktor í heimspeki og tekst á við áskoranir breyttra tíma, samspil manns, náttúru og tækni.

Loks kemur fram Hjalti Karlsson, grafískur hönnuður. Hjalti stofnaði hönnunarstúdíóið Karlssonwilker í New York ásamt Jan Wilker árið 2000, en þeir félagar höfðu áður unnið saman hjá Stefan Sagmeister. Meðal viðskiptavina þeirra má nefna Vitra, MoMA og New York Times Magazine.

Fyrirlestrarnir fara fram í Gamla bíói og hefst dagskráin klukkan tíu. Kynnir og stjórnandi verður Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við LHÍ.

- sbt

# Allt fyrir skrifstofuna á einum stað

Fyrirtækjasvið Pennans býður sérsniðnar lausnir fyrir fyrirtæki. Við leggjum ríka áherslu á framúrskarandi þjónustu og faglega ráðgjöf og tryggjum fyrirtækjum sem eru í heildarviðskiptum við Pennann sérkjör og fyrirhafnarlaus viðskipti.

**Hafðu samband við söluráðgjafa okkar í síma 540 2050 eða á netfanginu pontun@penninn.is og pantaðu allt fyrir skrifstofuna á einum stað.**

ENNEMM / SÍA / NM49081

Nokkur frábær tilboð á ritföngum og rekstrarvörum í mars. Kynntu þér fleiri tilboð inn á penninn.is



20% afsláttur

**Flettitafla fyrir pappír**
Verð áður: 22.900 kr.
Verð nú: 18.320 kr.



20% afsláttur

**Legamaster tússpennasett**
Verð áður: 1.022 kr.
Verð nú: 818 kr.




20% afsláttur

**20% afsláttur af öllum blek- og dufthylkjum fyrir prentara**
HP, Canon, Kyocera, Mita, Brother o.fl.



**Energel kúlupennar**
Fljótþornandi blek í 5 litum.
Verð: 299 kr.




20% afsláttur

**Maxell USB minnislykill**
Minni: 4GB eða 8GB.
Verð áður frá 1.970 kr.
Verð nú frá 1.576 kr.

www.eco-label.com ISO 9706 ISO 14001



25% afsláttur

**Vinsæli Pennapappírinn**
500 blöð í pakka. 5 pakkar í einum kassa.
Verð áður: 849 kr.
Verð nú: 637 kr.

Tilboðin gilda til 31.03.2012 eða á meðan birgðir endast.





Verið velkomin í glæsilega og endurbætta ritfangaverslun okkar í Hallarmúla 4.

Penninn
Með þér í vinnunni

www.penninn.is | sími 540 2050 | pontun@penninn.is

# Fimm stjörnu tónleikar

„Þetta er í fyrsta skipti sem við höldum styrktartónleika en okkur langaði að gera eitthvað sérstakt í tilefni 15 ára afmælis félagsins," segir Guðmundur Björgvin Gylfason, formaður félags Einstakra barna.

Einstök börn er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma. Það var stofnað af nokkrum foreldrum 13. mars 1997 og eru nú um 200 fjölskyldur í félaginu. „Það er ekki þannig í mörgum félögum að maður óski þess að hafa sem allra fæsta félagsmenn," segir Guðmundur.

„Við reynum að styðja félagsmenn okkar bæði félagslega og og faglega," segir Guðmundur og bætir við að það sé mikilvægt fyrir sjúklinga og aðstandendur að hitta fólk í sambærilegum sporum. Félagið byggist upp á sjálfboðaliðastarfi og styrkjum og stuðningi úr samfélaginu, og það gera tónleikarnir líka. „Þetta verður fimm stjörnu kvöld þar sem allir tónlistarmennirnir gefa vinnu sína," segir Guðmundur.

Miðaverð á tónleikana, sem haldnir verða í Háskólabíói í kvöld, er aðeins 2.000 krónur og renna þær óskertar til félagsins. Flytjendurnir eru ekki af verri endanum, en fram koma Ingó og Veðurguðirnir, Jón Jónsson, Moses Hightower, Valdimar og Jónas Sigurðsson & Ritvélar framtíðarinnar. Miða má nálgast á midi.is og í verslunum Brim.

- trs




**EINSTÖK BÖRN** Guðmundur Björgvin, formaður félags Einstakra barna, segir styrktartónleikana í kvöld lofa góðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 08. mars 2012**

### → Fræðsla

**17.15** Jóna Hrönn Bolladóttir flytur erindi um ábyrgð í Bókasafni Kópavogs. Þetta er fjórða og síðasta erindið í röðinni um ábyrgð. Allir velkomnir og ókeypis aðgangur.

### → Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Rauði lampinn (Raise the Red Lantern) frá 1991. Myndin verður sýnd í stofu 101 í Odda. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

### → Tónleikar

**19.00** Styrktartónleikar Félags Einstakra barna verða haldnir í Háskólabíói. Miðaverð er kr. 2.000.



**20.00** Hljómsveitin Blágresi heldur útgáfutónleika í Kaldalónssal Hörpu í tilefni útgáfu plötu sinnar Hvað ef himininn brotnar. Bjartmar Guðlaugsson og Gunnar Þórðarson verða sérstakir gestir.

**20.30** Anna Vilhjálms fer í gegnum söngferil sinn á tónleikum í Austurbæ. Hún mun taka vinsælustu og uppáhalds lögin sín. Einar Júlíusson, Bjarni Arason og Viðar Jónsson verða gestasöngvarar. Miðaverð er kr. 3.500.

### → Uppákomur

**19.00** Herrakvöld Jack & Jones verður haldið í verslun þeirra í Smáralind. Ýmislegt verður um að vera, til dæmis FIFA mót og armbeygjukeppni og verða veglegir vinningar í boði. Bjór verður í boði Ölgerðarinnar og eitthvað að narta í, auk þess sem Finlandia stelpur verða á svæðinu með fljótandi veigar.

### → Dagskrá

**17.00** Í tilefni af Alþjóðlegum baráttudegi kvenna munu fjölmörg samtök, stéttafélög og fagfélög standa fyrir dagskrá í Iðnó. Yfirskrift fundarinns er Vorið. Dagskráin er öllum opin og aðgangur er ókeypis.

### → Leikrit

**14.00** Leikfélag eldri borgara, Snúður og Snælda, sýnir leikritið Rommí eftir D.L. Colburn í Iðnó. Leikstjóri er Bjarni Ingvarsson.

### → Tónlist



**20.00** Partíþokan, boðberi taumlausrar gleði, mætir í Edinborgarhúsið á Ísafirði. Fram koma Úlfur Úlfur, FM Belfast, Prinspóló, Mammút og Klysja. Miðaverð er kr. 1.900 en nemendur MÍ fá miðann á 1.500 kr.

**21.00** Ofurkvartettinn ADHD spilar á Græna Hattinum, Akureyri. Kvartettinn skipa þeir Óskar Guðjónsson, Ómar Guðjónsson, Davíð Þór Jónsson og Magnús Elíasson. Miðaverð er kr. 2.000.

**21.00** Reykjavík Folk Festival tónlistarhátíðin heldur áfram á Café Rosenberg. Á hátíðinni koma fram hljómsveitir úr ýmsum áttum og er hún sett upp að alþjóðlegri fyrirmynd. Í kvöld koma fram Guðrún Gunnarsdóttir og hljómsveit, Spottarnir, Kvonn frá Færeyjum og Varsjárbandalagið.

**21.30** Hin árlega Skattheimta Reglu Hins Öfuga Pýramída verður haldin í þriðja skipti á tónleikastaðnum Faktorý. Fram koma The Heavy Experience, Fist Fokkers, Gang Related, Malneirophrenia, Otto Katz Orchestra og Veenox Seven. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Danski saxafónleikarinn Benjamin Koppel verður gestur Bítladrengjanna blíðu á tónleikum þeirra á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Myrra Rós og Svavar Knútur spila á tónleikaröðinni gogoyoko Wireless í boði Símans og Smirnoff. Tónleikaröðin fer fram á KEX Hostel og er miðaverð kr. 1.500.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



MOTTU
MARS
Gegn krabbameini í körlum
TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA
Hvert sem markmiðið er þá hefur Philips hágæða snyrtitæki fyrir höfuð, andlit og líkama!
1000 krónur af öllum seldum Philips skeggsnyrtum og hárklippum í marsmánuði renna til Krabbameinsfélagsins
PHILIPS
sense and simplicity
Heimilistæki
ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500


MYRRA RÓS


ANDREW BIRD

## > Í SPILARANUM

**Myrra Rós** - Kveldúlfur
**Blondes** - Blondes
**Andrew Bird** - Break it Yourself

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Frusciante fjarverandi

John Frusciante, fyrrum gítarleikari Red Hot Chili Peppers, verður ekki viðstaddur þegar hljómsveitin verður vígð inn í Frægðarhöll rokksins í apríl.

Aðrar hljómsveitir sem fá inngöngu í höllina verða Faces/Small Faces, Guns N´Roses og Beastie Boys. Að sögn trommuleikarans Chads Smith ætlar Frusciante ekki að mæta þrátt fyrir að flestir fyrrum meðlimir Red Hot muni láta sjá sig. Frusciante yfirgaf hljómsveitina og ákvað að einbeita sér að sólóferli sínum áður en upptökur á nýjustu plötunni I´m With You hófust. Í skarð hans hljóp Josh Klinghoffer.

„Honum fannst eitthvað skrítið að mæta og við virðum alveg þá skoðun hans,“ sagði Smith við Billboard. „Hann er þannig náungi að þegar hann hefur lokið einhverju snýr hann sér alfarið að næsta verkefni. Hann er eiginlega ekkert að spá í Red Hot Chili Peppers núna.“

Frusciante spilaði inn á fimm hljóðversplötur með hljómsveitinni á árunum 1989 til 2006.






## > PLATA VIKUNNAR

★★★★☆

**Halftime - Introbeats**

„Mjúk og þægileg tónlist sem ætti að höfða til margra.“ -TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Svanfríður rifjar upp snilldina*

Tónleikaárið 2012 virðist ætla að einkennast af tónleikum með eldgömlum hljómsveitum sem ýmist eru enn að, eða hafa verið endurlífgaðar í einhverri mynd. Það er margt í boði í þeim geiranum, sumt spennandi og annað minna.

Eitt af því sem tilheyrir hiklaust fyrri flokknum er endurkoma íslensku hipparokksveitarinnar Svanfríðar í Austurbæ 14. apríl. Á tónleikunum koma fram þeir Birgir Hrafnsson, Gunnar Hermannsson, Sigurður Karlsson og Sigurður Rúnar Jónsson sem allir spiluðu inn á plötu sveitarinnar What's Hidden There sem kom út árið 1972. Auk þeirra koma Þórður Árnason og Pétur Hjaltested fram, auk söngvaranna Eiríks Haukssonar, Elvars Arnar Friðrikssonar og Péturs Arnar Guðmundssonar.



**EFTIRSÓTT** Enn má fá vænar fúlgur fyrir gott eintak af What's Hidden There.

Tilefni þessarar endurkomu er tvíþætt. Annars vegar að halda upp á fjörutíu ára afmæli plötunnar og hins vegar að heiðra minningu Péturs Kristjánssonar, söngvara Svanfríðar, sem hefði orðið sextugur á árinu. What's Hidden There hefur lengi verið ein af eftirsóttustu íslensku plötunum hjá plötusöfnurum út um allan heim. Þó að hún hafi verið endurútgefin bæði á cd og vínil af þýska gæðamerkinu Shadoks þá hefur ásóknin í upprunalegu útgáfuna ekkert minnkað. Síðasta haust seldust að minnsta kosti tvö eintök af henni á yfir hundrað þúsund krónur á ebay.

Tónlistin á What's Hidden There, sem var tekin upp í London, er proggað hipparokk, ekkert mjög þungt, en fullt af fínu grúvi og flottum sólóum sem gaman verður að heyra spiluð á tónleikunum. Auk laga af plötunni mun Svanfríður taka smáskífulögin Jibbý Jei og Kalli bóndi og nokkur þeirra erlendu tökulaga sem voru vinsæl á böllum með hljómsveitinni.


# AÐVÖRUN!

Tiger seldi snjókúlur með álfum í febrúar 2011 og aftur með jólafígúrum í nóvember 2011.
Við innköllum nú snjókúlurnar þar sem komið hefur í ljós að glerið er tiltölulega auðvelt að brjóta ef kúlurnar detta í gólfið eða þeim slenkt upp við e-ð hart.
Ef kúlurnar brotna þegar börn eru að leik, er hætta á að þau skeri sig á glerbrotunum.

Við biðjum þá sem keypt hafa kúlur af þessu tagi að skila þeim í næstu Tigerbúð og fá að fullu endurgreitt.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi málið hafðu endilega samband í s. 660 8211 eða á netfangið sandra@tiger.is



TIGER
Villidýr á verði · tiger.is




**Á GRAMMY-HÁTÍÐ** The Shins á Grammy-hátíðinni árið 2008. Hún var tilnefnd til fyrir bestu alternative-plötuna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Melódískt og skrítið popp

**Bandaríska hljómsveitin The Shins gefur út sína fjórðu plötu á næstunni. Sem fyrr er melódískt og stundum skrítið poppið í fyrirrúmi.**

Fjórða plata bandarísku indísveitarinnar The Shins kemur út 16. mars. Hún heitir Port of Morrow og er sú fyrsta sem sveitin gefur út hjá nýju útgáfufyrirtæki forsprakkans James Mercer, Aural Apothecary.

The Shins var stofnuð árið 1996 í borginni Albuquerque í Nýju-Mexíkó en er núna með bækistöðvar í Portland í Oregon. Fyrst átti The Shins að vera hliðarverkefni Mercers enda hafði hann áður stofnað Flake Music. Þegar sú hljómsveit lagði upp laupana ákvað hann að einbeita sér að The Shins og réð trommarann Jesse Sandoval í bandið. Síðar meir áttu hljómborðsleikarinn Marty Crandall og bassaleikarinn Dave Hernandez eftir að bætast í hópinn en bæði þeir og Sandoval eru núna hættir í sveitinni.

Mercer hafði kennt sjálfum sér á gítar sem unglingur með því að hlusta á sveitir á borð við My Bloody Valentine og Echo & The Bunnymen. Með tímanum fékk hann aukinn áhuga á popptónlist sjöunda áratugarins og vönduðum lagasmíðum.

Fyrsta platan, Oh! Inverted World, kom út 2001. Þar vakti The Shins vakti töluverða athygli fyrir ferska, melódíska og stundum skrítna popp-rokktónlist sína. Næsta plata, Chutes Too Narrow, leit dagsins ljós tveimur árum síðar og þar var meira kjöt á beinunum en á frumburðinum. Árið eftir var lagið New Slang notað í kvikmyndinni Garden State með Natalie Portman í aðalhlutverki og jók það vinsældir The Shins til muna.

Þriðja platan, Wincing the Night Away, kom út 2007. Hún var sú síðasta til að koma út á vegum Sub Pop og fékk mjög góðar viðtökur, þar á meðal tilnefningu til Grammy-verðlaunanna, auk þess sem hún fór beint í annað sæti Billboard-listans.

Port of Morrow var tekin upp í Los Angeles og Portland á síðasta ári. Sem fyrr sá Mercer um lagasmíðarnar, sönginn og meirihlutann af hljóðfæraleiknum.

The Shins ætlar að fylgja plötunni eftir með spilamennsku í Evrópu og í Bandaríkjunum fram á haust. Fyrst spilar sveitin í þættinum Saturday Night Live á laugardaginn.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 1. - 7. mars 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Valdimar Guðmunds. / Helgi Júl. | *Stöndum sama* |
| ▲ | 2 | Magni | *Hugarró* |
| ▲ | 3 | Retro Stefson | *Qween* |
| ▲ | 4 | Greta Salóme / Jónsi | *Mundu eftir mér* |
| ▼ | 5 | Of Monsters and Men | *Lakehouse* |
| ▼ | 6 | Fun / Janelle Monae | *We are Young* |
| ▼ | 7 | Blár ópal | *Stattu upp* |
| ▼ | 8 | The Black Keys | *Lonely Boy* |
| ▶ | 9 | Amy Winehouse | *Will You Still Love Me Tomorrow* |
| ▲ | 10 | Train | *Drive By* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 1. - 7. mars 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ýmsir | *Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012* |
| ▲ | 2 | Mugison | *Haglél* |
| ▼ | 3 | Of Monsters and Men | *My Head is an Animal* |
| ▲ | 4 | Valgeir Guðjónsson | *Spilaðu lag fyrir mig* |
| ▼ | 5 | Adele | *21* |
| ▶ | 6 | Leonard Cohen | *Old Ideas* |
| ▲ | 7 | Sólstafir | *Svartir sandar* |
| ▼ | 8 | Ýmsir | *Einu sinni var / Út um græna grundu* |
| ▼ | 9 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorl. | *Ásamt Sinfó* |
| ▲ | 10 | Hjálmar | *Órar* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is.



ÚTILÍF
BARNASKÓR
20% AFSLÁTTUR
GILDIR TIL MÁNUDAGS
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 58812 03/12
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

> AFTUR Á HVÍTA TJALDIÐ

Leikstjórinn og handritshöfundurinn Woody Allen hefur tekið að sér hlutverk í nýrri mynd John Turturro, Fading Gigolo. Allen hefur ekki leikið í mynd sem hann leikstýrir ekki sjálfur í 12 ár en áætlað er að myndin verði frumsýnd árið 2013. Auk Allens fara leikkonurnar Sharon Stone og Sofia Vergara með hlutverk í myndinni sem fjallar um tvo miðaldra karlmenn sem ákveða að fara út í að selja sig til að græða peninga.



# bíó

bio@frettabladid.is

## Rómantík og gjaldþrota fótboltamaður

Tvær myndir verða frumsýndar í kvikmyndahúsunum um helgina í viðbót við John Carter, sem er fjallað um hér fyrir neðan.

Rómantíska kvikmyndin The Vow með Rachel McAdams og Channing Tatum í aðalhlutverkum er byggð á sannsögulegum atburðum. Hún fjallar um Paige og Leo, nýgift hjón sem eru yfir sig ástfangin og virðast eiga lífið fyrir sér þegar þau lenda í bílslysi. Bæði komast þau lífs af úr slysinu, en eftir að hafa legið í dái vaknar Paige og hefur misst minnið. Leo þarf því að hafa sig allan við til að vinna hug hennar og hjarta á ný, en málin flækjast þegar Paige fer að sýna gömlum kærasta áhuga.

Gerard Butler leikur fyrrum fótboltastjörnuna George í myndinni Playing the Field. Verandi orðinn gjaldþrota í kjölfar slæmrar fjárfestingar og þreyttur á glaumgosalífinu ákveður George að flytja aftur á heimaslóðir til Virginíu. Þar á hann barnsmóður og vanræktan son og hyggst hann endurvekja sambandið við þau. Þegar hann tekur að sér að þjálfa fótboltalið sonarins á hann þó erfitt með að hafa augun af kynþokkafullu fótboltamömmunum á hliðarlínunni. Með önnur aðalhlutverk fara Jessica Biel og Dennis Quaid. - trs



**MISSIR MINNIÐ** Þegar Paige missir minnið leggur Leo allt í sölurnar til að gera hana ástfangna af sér á nýjan leik í myndinni The Vow.

KVIKMYNDARÝNI



**SVARTUR Á LEIK**

★★★★☆

„Svartur á leik húðar viðfangsefni sitt ekki í sykur. Óskar og félagar sýna raunverulega mynd af sýndarheiminum í frábærri spennumynd.“ - afb

**MACHINE GUN PREACHER**

★★☆☆☆

„Óvenjuleg mynd sem fer vel af stað en tapar áttum. Butler nær þó að ýta skrjóðnum langleiðina heim.“

**HAYWIRE**

★★★★☆

„Haywire er vissulega formúlumynd en framsetningin lyftir henni upp fyrir meðalmennskuna.“

**THIS MEANS WAR**

★★☆☆☆

„Óvönduð útfærsla á ágætri hugmynd. Þolanleg í fluginu til Tenerife í sumar.“ - hva

# Aldargamalt ævintýri á hvíta tjaldið

**Ævintýramyndin John Carter verður frumsýnd í Sambíóunum annað kvöld. Myndin er byggð á skáldsögunni A Princess of Mars og segir frá hermanninum John Carter sem lendir óvænt á plánetunni Mars og verður óvænt þátttakandi í stríði milli ólíkra þjóðflokka sem búsettir eru á plánetunni.**

Myndin er byggð á skáldsögu Edgars Rice Burroughs sem einnig er höfundur bókanna um skógarmanninn Tarzan. Bókin A Princess of Mars kom fyrst út árið 1917 og hefur síðan þá verið rithöfundum á borð við Ray Bradbury, John Norman og Arthur C. Clarke innblástur, en sá síðastnefndi skrifaði meðal annars 2001: A Space Odyssey.

Kvikmyndin segir frá fyrrverandi hermanni sem lendir óvænt á plánetunni Mars sem er við það að visna, meðal annars vegna vatnsskorts. John Carter ákveður að koma til aðstoðar með því að reyna að koma á friði milli stríðandi íbúa plánetunnar og þar með bjarga öllu lífi á Mars.

Leikstjóri myndarinnar er Andrew Stanton sem áður hefur leikstýrt teiknimyndum á borð við Finding Nemo og WALL-E. Þetta er fyrsta leikna kvikmynd Stantons en hann skrifaði einnig handritin að Toy Story og A Bug's Life auk þess sem hann talaði fyrir persónuna Fred í kvikmyndinni Cars. Taylor Kitsch fer með hlutverk Johns Carter en hann er líklega þekktastur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Friday Night Lights. Með önnur hlutverk fara Willem Dafoe, Samantha Morton og Lynn Collins.



### HUGMYNDIN UM LÍF Á MARS ÞÓTTI OF FRAMANDI

- Árið 1931 hafði höfundur Looney Tunes, Bob Clampett, samband við Edgar Rice Burroughs og bar undir hann hugmyndina um að gera bókina að teiknimynd í fullri lengd. Burroughs þótti hugmyndin góð og hafist var handa við gerð myndarinnar. MGM framleiddi hana og voru yfirmenn fyrirtækisins spenntir fyrir verkefninu. Prufusýning var á myndinni árið 1936 en áhorfendum þótti hugmyndin um líf á Mars of framandi og því var hætt við framleiðslu hennar.
- Í bókinni A Princess of Mars er persónan John Carter sögð vera fyrrverandi hermaður frá Virginíu. Burroughs lýsir honum sem ódauðlegum manni á þrítugsaldri. Fólk þekkir hann sem Jack frænda, en á meðan það eldist og deyr helst Carter alltaf jafn ungur.
- Leikstjórinn Andrew Stanton er lærður teiknimyndateiknari. Eftir útskrift starfaði hann við gerð Mighty Mouse: The New Adventures og var jafnframt einn af fyrstu starfsmönnum Pixar.

Skíðagöngufélagið Ullur og Ferðafélag Íslands

Ferðafélag Íslands og Gönguskíðafélagið Ullur standa fyrir kynningu á skíðagönguíþróttinni í sal Ferðafélags Íslands **fimmtudaginn 8. mars kl. 20**

Meðal annars verða hinar ýmsu gerðir af skíðum kynntar, t.d. ferðaskíði, brautarskíði og fjallaskíði sem og ýmis annar skíðabúnaður, t.d. púlkur, klæðnaður ofl. Svarað verður spurningum um hvað þarf að hafa í huga við kaup á skíðum og fleira sem tengist skíðaíþróttinni.

Farið verður yfir skíðáburð og tækni við að bera á skíði, einnig sagt frá skíðagöngumótum á Íslandi.

Þá mæta fulltrúar frá Útivistarverslunini Everest og kynna skíðabúnað og tilboð á völdum skíðavörum.

*Skíðagöngufélagið Ullur og Ferðafélag Íslands*

Skráðu þig inn – dríFÍðu þig út

Ferðafélag íslands • www.fi.is • fi@fi.is • Sími 568 2533

# Casey Affleck leikur yngri bróður Bales

Sjarmörinn Casey Affleck fer með hlutverk í nýrri mynd Scotts Cooper, Out Of The Furnace. Christian Bale leikur á móti honum í myndinni og munu þeir leika bræður. Ef marka má fréttirnar skákaði Affleck meðal annars þeim Garrett Hedlund og Channing Tatum sem áður höfðu verið orðaðir við hlutverkið.

Affleck sást síðast í myndinni The Killer Inside Me þar sem hann lék á móti Jessicu Alba og Kate Hudson og fékk góða dóma, þrátt fyrir að myndin sjálf hafi þótt mjög umdeild. Hann mun birtast í mynd Ridley Scott, The Kind One, nú síðar á árinu auk þess sem hann leikur á móti Bradley Cooper í myndinni Paradise Lost sem er væntanleg í kvikmyndahús árið 2013.

Það er því nóg fram undan hjá litla bróður stórstjörnunnar Ben Affleck.



**BRÓÐIR BALES** Casey Affleck leikur bróður Christian Bale í nýrri mynd Scotts Cooper.



**TÓNSKÁLD KVATT** Disney-tónskáldið Robert B. Sherman lést fyrr í vikunni, 86 ára að aldri. NORDICPHOTOS/GETTY

# Disney-tónskáld látið

**Bandaríska tónskáldið Robert B. Sherman lést á mánudag, 86 ára að aldri. Sherman og bróðir hans, Richard, eiga heiðurinn af mörgum þekktustu lögum Disney-kvikmyndanna.**

**Robert og Richard sömdu meðal annars lögin Feed the Birds, Supercalifragilisticexpialidocious og Chim Chim Cheree fyrir kvikmyndina um Mary Poppins og hlutu tvenn Óskarsverðlaun fyrir. Þeir sömdu einnig tónlistina við Disney-myndirnar The Aristocats, The Jungle Book, Bedknobs and Broomsticks, Winnie the Pooh og The Tigger Movie. „Eitthvað gott gerist þegar við sitjum tveir saman við vinnu. Við höfum unnið saman nánast alla okkar ævi,“ sagði Richard um samstarfið við bróður sinn.**



Black&Decker rafmagnsverkfæri
20% afsláttur
BLACK& DECKER
MOUSE
LITHIUM
VERKFÆRA MARKAÐUR
fimmtudag til sunnudags
Hillurekkar
15% afsláttur
Greina- og hekkklippur*
25% afsláttur
*gildir ekki af mótorklippum
6.795
7.995
Hillurekki Raxa
Fimm hillur, 180x90x45 cm.
Burðarþol 175 kg.
5803665
Hand-verkfæri
25% afsláttur
PrizeCut
Verkfæra-töskur
25% afsláttur
verkfærasett
25% afsláttur
AUTO GLYM
Bílavörur
20% afsláttur
*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
HÚSASMIÐJAN

# Fólk

folk@frettabladid.is



**6.284.500** **ÍSLENSKRA KRÓNA** fengust fyrir Christian Dior-kjólinn sem Natalie Portman klæddist á Óskarsverðlaununum. Kate Young, stílisti Portman, fékk kjólinn lánaðan í bresku búðinni Rare Vintage þar sem hann seldist um leið og Portman skilaði honum.



**EKKI ÁNÆGÐ** Leikkonan Mila Kunis er ekki fullkomlega ánægð með sjálfa sig, þrátt fyrir að vera talin ein kynþokkafyllsta kona heims.

## Milu Kunis dreymir um stærri rass

Mila Kunis er eflaust öfunduð af mörgum fyrir útlit sitt, enda margoft verið valin á alls kyns lista yfir kynþokka og fegurð og er eftirsótt af mörgum.

Hún er þó ekki fullkomlega ánægð með sjálfa sig, frekar en flestar konur. Í viðtali við leikkonuna. sem kemur til með að birtast í aprílhefti Bazaartímaritsins opnar hún sig meðal annars um það að hún vildi óska þess að hún væri með stærri rass.

Kunis ræddi alls kyns mál í viðtalinu og sagðist meðal annars vera á móti lýtaaðgerðum, en að ef hún yrði spurð álits á þeim aftur eftir 10 ár væri þó aldrei að vita nema sú skoðun hefði breyst.

Leikkonan er ættuð frá Úkraínu, en hún flutti til Bandaríkjanna með fjölskyldu sinni þegar hún var 7 ára gömul. Flutningarnir voru henni afar erfiðir og hún segist ekki muna eftir fyrsta árinu í Bandaríkjunum. Hún segist hafa verið eins og blind og heyrnarlaus fyrst um sinn, en hún kunni ekki stakt orð í ensku.

Kunis er einhleyp, en hún hætti með kærasta sínum til átta ára, barnastjörnunni Macaulay Culkin, árið 2010. „Ég var hamingjusöm í sambandi, en ég er líka hamingjusöm ein,“ segir Kunis í viðtalinu og bætir við að hún fari ekki mikið á stefnumót, og þyki best að eyða kvöldum í rólegheitum heima hjá sér með gott vínglas í hönd.








**Á ÍSLANDI** Micha Moor er einn vinsælasti plötusnúður heims um þessar mundir.

## Micha Moor á Selfossi

**Þýski plötusnúðurinn Micha Moor er væntanlegur aftur til landsins og spilar á 800 Bar á Selfossi föstudaginn 9. mars.**

**Moor hefur komið til landsins nokkrum sinnum áður og ávallt slegið í gegn. Hann sló fyrst í gegn með lagi sínu Space en síðan þá hefur hann gefið út vinsæl lög eins og Love is Chemical, Learn to Fly, sem var vinsælasta lagið á Íslandi sumarið 2010, og Keep on Rising, sem var eitt heitasta lagið á Íslandi síðasta sumar.**

**Micha Moor á án efa eftir að slá í gegn á Selfossi um helgina, en miðasala er í fullum gangi á midi.is.**



**EKKI FYNDINN** Will Ferrell segir aðdáendur sína verða vonsvikna yfir því hversu lítið fyndinn hann er í raunveruleikanum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Lítið fyndinn í alvörunni

**Gamanleikarinn Will Ferrell segir aðdáendur sína iðulega verða vonsvikna þegar þeir hitta hann í lifanda lífi. Þetta kemur fram í viðtali sem hann veitti tímaritinu Rolling Stone.**

**„Ég heilsa þeim og segi: „Hæ, hvað segir þú gott?“ og þau segja á móti: „Hvað ætlarðu að gera fyndið? Eruð þið viss um að þetta sé rétti maðurinn, hann er ekki að gera neitt fyndið?“ Ég er hræddur um að þau verði hryllilega vonsvikin öll sem eitt,“ sagði leikarinn sem er nú að kynna nýjustu gamanmynd sína, Casa de mi Padre, en þar talar hann eingöngu spænsku.**

# Fóru mannavillt

Söngkonan Debbie Harry lenti í því um helgina að vera ruglað við leikkonuna Lindsay Lohan. Konurnar gistu báðar á Mercer-hótelinu í New York helgina sem leið og því var urmull af ljósmyndurum í biðstöðu við hótelið þá helgi.

Ljósmyndarar sátu um Lohan vegna framkomu hennar í Saturday Night Live og urðu kátir þegar leikkonan yfirgaf Mercer-hótelið snemma á sunnudagsmorgni. Í ljós kom þó að umrædd kona var ekki Lohan heldur söngkonan Debbie Harry sem sló í gegn með hljómsveitinni Blondie á áttunda áratugnum. Harry er 66 ára gömul og 41 ári eldri en Lohan.



**MANNAVILLT** Ljósmyndarar töldu Debbie Harry vera enga aðra en Lindsay Lohan. NORDICPHOTOS/GETTY

# Armenía ekki með í Eurovision

Eftir miklar vangaveltur staðfesti Armenía þátttöku sína í Eurovision-keppninni í Bakú 17. janúar síðastliðinn. Nú hefur þjóðin þó dregið það til baka, eftir að armenskir söngvarar söfnuðu undirskriftum gegn þátttöku, og tilkynntu um að þeir kæmu ekki til með að taka þátt.

Lengi hefur ríkt óvild á milli Armeníu og Aserbaídsjan og óttuðust Armenar um öryggi landsmanna sinna í Bakú. Löndin háðu stríð á árunum 1988 til 1994 og síðan þá hefur andað köldu milli landanna, þrátt fyrir að friðarsáttmáli hafi verið undirritaður við stríðslok.

Armenía tók fyrst þátt í Eurovision-söngvakeppninni árið 2006 og hefur endað í efstu tíu sætunum í öllum keppnum þar til í fyrra þegar söngkonan Emmy kom lagi sínu, Boom Boom, ekki upp úr undankeppninni. - trs



**BOOM BOOM** Söngkonan Emmy kom lagi Armena ekki upp úr undanúrslitunum í Eurovision-keppninni sem haldin var í Þýskalandi í fyrra.

# Aldrei í íþróttaföt

**Victoria Beckham upplýsir lesendur franska tímaritsins Madame Figaro að hún elski tísku of mikið til þess að nokkru sinni klæðast íþróttagalla.**

**„Þú munt aldrei sjá mig klæðast íþróttagalla á almannafæri. Ég elska tísku einfaldlega of mikið til að klæðast þannig flík. Það sama á við um UGG skóna, ég klæðist þeim aðeins innan veggja heimilisins," sagði tískudrósin og hönnuðurinn í viðtali við tímaritið.**

**Beckham sagðist einnig vera „háð" hönnun tískuhússins Prada, gollum og töskum frá Hermés.**



**ENDURHLJÓÐBLÖNDUÐ** Lögin af Bjarkarplötunni Biophilia verða gefin út í endurhljóðblönduðum útgáfum.

# Biophilia í nýrri útgáfu

**Annan apríl hefst endurhljóðblönduð útgáfuröð með lögunum af plötu Bjarkar, Biophilia. Þeir sem taka þátt í verkefninu eru These New Puritans, Matthew Herbert, El Guincho, Hudson Mohawke, Alva Noto, 16 Bit, Current Value, King Cannibal og pönk-rappsveitin Death Grips frá Kaliforníu.**

**Lögin verða gefin út með tveggja vikna fresti á fjögurra mánaða tímabili. Það er plötusnúðurinn og upptökustjórinn Current Value sem hefur leikinn með lögunum Crystalline og Solstice. Hann aðstoðaði Björk einmitt á Biophilia, rétt eins og Matthew Herbert og 16 Bit.**







# Í fullu starfi sem víkingur

**Víkingafélagið Einherjar fagnar fjögurra ára afmæli sínu í dag, á baráttudegi kvenna. Formaður félagsins segir víkingalífið vera lífsstíl útaf fyrir sig og sjálfur er hann fullstarfandi víkingur.**



**VÍKINGUR** Gunnar Víking Ólafsson er formaður og stofnandi víkingafélagsins Einherja, sem heldur upp á fjögurra ára afmæli sitt í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gunnar Víking Ólafsson stofnaði Víkingafélagið Einherja 8. mars árið 2008 og er hann einnig formaður félagsins. Fjórtán manns eru skráðir í félagið, þar af tvær konur, og tekur Gunnar fram að það sé ávallt pláss fyrir fleiri meðlimi. „Við erum sýningamenn og hittumst þrisvar í viku og æfum skylmingar og vopnaburð fyrir sýningar. Það er nóg pláss fyrir nýliða í okkar röðum. Það eina sem fólk þarf að gera er að hafa samband eða kíkja niður í húsnæði til okkar. Sítt hár og skegg er ekki nauðsynlegt en nýliðar verða að sækja námskeið í vopnaburði,“ upplýsir Gunnar Víking.

Félagið fékk úthlutað húsnæði í Nauthólsvíkinni fyrir ári og luku félagsmenn nýverið við að gera húsið upp. Í kjölfar þess langar félagana nú að koma á laggirnar eigin víkingahátíð, ekki ólíkri þeirri sem haldin er árlega í Hafnarfirði. „Stefnan er að halda svipaða hátíð og hefur verið í Hafnarfirði á vegum Rimmugýgjar. Okkar félag hefur aldrei tekið þátt í hátíðinni í Hafnarfirði, enda eru þær sýningar á vegum félagsmanna Rimmugýgjar. Við teljum þó að það sé pláss fyrir fleiri hátíðir í þessum dúr og þá víðar um landið.“

Spurður út í vopnin sem Einherja-menn nota segir Gunnar Víking þau pöntuð að utan og að það þurfi sérstakt leyfi frá Ríkislögreglustjóra til að flytja inn slíka gripi. „Vopnin eru raunveruleg þótt þau séu bitlaus og það má ekki hver sem er flytja slíkt vopn inn í landið. Sverðin eru mjög þung og geta valdið skaða og þess vegna er mikilvægt að fólk læri að meðhöndla þau rétt. Það eru einnig vissar reglur sem þarf að fylgja; það er bannað að slá andstæðinginn í háls eða höfuð og alveg bannað að meiða.“

Gunnar Víking er, líkt og nafnið gefur til kynna, víkingur í húð og hár. Hann ólst upp í Bandaríkjunum og segir skólafélaga sína aldrei hafa kallað sig annað en „The Viking“ þegar hann var barn. „Þetta er mitt starf og það sem ég geri. Ég tók upp nafnið Víking fyrir nokkru og það er einnig bílnúmerið mitt. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á víkingum og Þór var hetjan mín þegar ég var lítill strákur. Það er líka skemmtilegt að segja frá því að mamma mín vildi skíra mig Víking Þór á sínum tíma en í staðinn var ég skírður í höfuðið á föðurafa mínum, Gunnari Sal Úrsus, sterkasta manni Íslands.“

Hægt er að kynna sér starf félagsins frekar á Facebook undir nafninu Einherjar The Vikings of Reykjavík. sara@frettabladid.is

## NOKKUR VÍKINGAFÉLÖG STARFANDI Á ÍSLANDI

- Á Íslandi eru starfandi nokkur víkingafélög. Þau helstu eru Rimmugýgur í Hafnarfirði, Einherjar í Reykjavík, Hringhorni á Akranesi, Æsir á Akureyri og loks Vestfjarðavíkingur á Vestfjörðum.
- Víkingar þurfa að klæðast sérstökum klæðum og skóbúnaði á sýningum. Fötin eru sérsaumuð bæði hér á landi og erlendis.
- Ekkert aldurstakmark er í Einherja en þeir meðlimir sem vilja bera vopn verða að hafa náð 18 ára aldri.
- Nýr meðlimur fær ekki að vopnast strax heldur skal hann fyrst njóta leiðsagnar þjálfara um vopnaburð. Það er svo þjálfarans að meta hvort félaginn sé fær til að berjast með vopni.
- Víkingar geta valið milli sverðs, spjóts, axar, eða hvers þess vopns sem telst vera hluti af æfingavopnum og menningu víkingasögunnar.

# Gagnrýndur fyrir vinnusiðferði

Hönnuðurinn Marc Jacobs var gagnrýndur fyrir að ráða tvær barnungar fyrirsætur til að taka þátt í sýningu sinni á tískuvikunni í New York. Nú hefur Jacobs aftur ratað í fréttir, í þetta sinn fyrir að greiða ekki fyrirsætum sínum laun.

Hin 17 ára gamla Hailey Hasbrook vann langa og stranga vinnudaga fyrir Jacobs í kringum tískuvikuna án þess að fá greidd laun. Stúlkan hélt úti bloggi meðan á tískuvikunni stóð og sagði meðal annars frá því að hún hefði eitt sinn unnið til hálf fimm um morguninn fyrir hönnuðinn og fengið aðeins greitt í flíkum.

Blaðakonan og fyrrverandi fyrirsætan Jenna Sauers bendir á að Marc Jacobs hafi með þessu brotið CFDA reglu sem kveður á um að fyrirsætur yngri en 18 ára megi ekki vinna eftir miðnætti. Hún bendir einnig á að það sé ekki við hæfi að greiða fyrirsætu ekki fyrir tuttugu klukkustunda vinnu, heldur lofa henni aðeins vöruskiptum. „Fái fyrirsætur aðeins greitt í vöruskiptum er ógjörningur að hafa af starfinu lifibrauð,“ segir Saunders.

Jacobs er þó ósáttur við gagnrýnina og skrifaði á Twitter-síðu sinni: „Fyrirsætur fá greitt í vöruskiptum. Ef þær vilja ekki vinna fyrir mig, þá þurfa þær þess ekki,“ skrifaði hönnuðurinn.



**GAGNRÝNDUR** Marc Jacobs hefur hlotið töluverða gagnrýni fyrir vinnusiðferði sitt í kjölfar tískuvikunnar í New York. NORDICPHOTOS/GETTY


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is







SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.40 | L |
| HAYWIRE | KL. 5.50 | 16 |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.50 - 10.20 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 10.20 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.40 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 6 | L |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 10.15 | 10 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
SVARTUR Á LEIK KL. 6 - 8 - 10 16 / THIS MEANS WAR KL. 6 14
GHOST RIDER 2 3D ÓTEXTUÐ KL. 10 12 / HAYWIRE KL. 8 16

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| THE WOMAN IN BLACK VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 5:50 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |
| HUGO | kl. 5:20 | 2D | 10 |
| HAYWIRE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ens tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| SHAME | kl. 10:40 | 2D | 16 |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:20 | 2D | 10 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 6 | 3D | 7 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 | 2D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | kl. 8 | 2D | 16 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMbio.is




midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | 5.50, 8 og 10.15 |
| JOURNEY 2 3D | 6 |
| SAFE HOUSE | 8 og 10.20 |
| THE GREY | 10.15 |
| THE IRON LADY | 5.50 og 8 |

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

FIMMTUDAGUR: *BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK)* 17:50, 20:00, 22:10 ■ MACHINE GUN PREACHER 17:30, 20:00, 22:30 ■ THE AWAKENING 20:00, 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 20:00 ■ THE DESCENDANTS 22:20 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ ELDFJALL 18:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.



# GÓLFEFNAÚRVAL

## Veldu úr yfir 130 tegundum flísa á lager

**MÚRBÚÐARVERÐ**



Lon-River 60x60 cm **2.990** pr.m²



Lon-Italia grágræn 60x60 cm **3.490** pr.m²



Martinelli hvíttuð 3 stafa eik, olíuborin **3.590** pr.m²



Ant-sand 30x60 cm **3.690** pr.m²



Yek-Venice 45x45 cm **2.390** pr.m²




Parkman Planka/Plastparket eik 1215x166x8mm

**1.890** kr. m²




Comfort line plastparket, eik 1215x194x8,3 mm

**1.575** kr. m²




Comfort line plastparket, dökk eik 1215x194x8,3 mm

**1.575** kr. m²



Parkman plastparket # 9607
8mm planki eik

**1.890** kr.m²



Parkman plastparket # 9603
8mm planki dökk eik

**1.890** kr.m²



Parkman plastparket # 9606
8mm planki hvíttuð eik

**1.890** kr.m²

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# sport

sport@frettabladid.is



**NIGEL QUASHIE** verður að öllu óbreyttu spilandi aðstoðarþjálfari hjá 1. deildarliði ÍR næsta tímabilið, auk þess að sinna þjálfun í nýstofnum afreksskóla félagsins. Eftir á að ganga frá samningum við Quashie sem spilaði sem atvinnumaður í Englandi frá 1995 til 2010. Hann er þó aðeins á 34. aldursári.

## ÚRSLIT Í GÆR

### *Meistaradeildin 16 liða úrslit*

**APOEL Nicosia - Lyon** **ólokið (1-0)**
1-0 Gustavo Manduca (8.). Leikurinn var framlengdur og var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

**Barcelona - Bayer Leverkusen** **7-1**
1-0 Lionel Messi (25.), 2-0 Messi (42.), 3-0 Messi (49.), 4-0 Cristian Tello (55.), 5-0 Messi (58.), 6-0 Cristian Tello (62.), 7-0 Messi (85.), 7-1 Karim Bellarabi. (90.). Barcelona vann samanlagt 10-2.

### *Enski bikarinn 16 liða úrslit*

**Tottenham - Stevenage** **3-1**
0-1 Joel Byrom, víti (4.), 1-1 Jermain Defoe (25.), 2-1 Emmanuel Adebayor, víti (55.), 3-1 Jermain Defoe (75.) Tottenham fær heimaleik á móti Bolton í átta liða úrslitunum.

### *Iceland Express kvenna*

**Haukar - Keflavík** **84-68 (32-26)**
**Stigahæstar:** Tierny Jenkins 24 (17 frák./7 stoðs./7 stolnir), Jence Ann Rhoads 22 (7 frák./8 stoðs.), Íris Sverrisdóttir 21 - Pálína Gunnlaugsdóttir 22, Jaleesa Butler 13 (9 frák./6 varin), Eboni Mangum 12, Hrund Jóhannsd.10.

**Hamar - Fjölnir** **71-77 (34-28)**
**Stigahæstar:** Fanney Lind Guðmundsdóttir 19, Katherine Virginia Graham 18 (10 stoðs./6 stolnir), Marín Davíðsdóttir 16 (15 frák.) - Brittney Jones 30 (9 stoðs.), Jessica Bradley 24 (17 frák.), Katina Mandylaris 10 (20 frák.).

**Njarðvík - Snæfell** **97-92 (54-43)**
**Stigahæstar:** Lele Hardy 49 (21 frák./8 stoðs.), Petrúnella Skúladóttir 15, Eyrún Líf Sigurðardóttir 8 - Kieraah Marlow 22 (8 frák./6 stoðs.), Jordan Murphree 19 (13 frák./5 stoðs.), Hildur Sigurðardóttir 16 (13 frák./7 stoðs.), Hildur Björg Kjartansdóttir 14, Alda Leif Jónsdóttir 14.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **26** | **20** | **6** | **1991-1819** | **40** |
| Njarðvík | 26 | 19 | 7 | 2161-1951 | 38 |
| **Snæfell** | **26** | **14** | **11** | **1906-1940** | **28** |
| Haukar | 26 | 13 | 13 | 1908-1863 | 26 |
| **KR** | **26** | **13** | **13** | **1904-1808** | **26** |
| Valur | 26 | 11 | 15 | 1908-1928 | 22 |
| **Fjölnir** | **26** | **8** | **18** | **1856-2125** | **16** |
| Hamar | 26 | 6 | 20 | 1807-2007 | 12 |

# Erum sátt við sjötta sætið

**Ísland hafnaði í sjötta sæti á Algarve-æfingamótinu í Portúgal eftir 3-1 tap fyrir Danmörku í leik um fimmta sætið í gær. „Góður undirbúningur fyrir mikilvægasta leik okkar í undankeppni EM," segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson þjálfari.**

**FÓTBOLTI** Ísland tapaði í gær fyrir Danmörku, 3-1, í leik um fimmta sætið á Algarve-æfingamótinu í Portúgal. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði mark Íslands. Liðið komst alla leið í úrslit í fyrra en í ár tapaði liðið öllum leikjum sínum nema einum. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari er sáttur við niðurstöðuna enda settu forföll og meiðsli lykilmanna stórt strik í reikninginn að þessu sinni.

„Ég er að mestu leyti sáttur við mótið," segir Sigurður Ragnar. „Við eigum okkar mikilvægasta leik í undankeppni EM fram undan – gegn Belgíu í byrjun apríl – og margir leikmenn enn á undirbúningstímabilum með sínum liðum. Þetta mót nýttist því vel til að sjá hvernig leikmenn standa og hverjir væru tilbúnir fyrir leikinn gegn Belgum."

Flestar bestu þjóðir heims taka þátt í Algarve-mótinu og var Ísland í sterkum riðli. Sigurður Ragnar sagði ýmislegt gott við frammistöðu Íslands þrátt fyrir þrjá tapleiki.

„Ég var ánægður með fyrsta leikinn sem var gegn Þýskalandi. Við töpuðum að vísu 1-0 en spiluðum góða vörn gegn Evrópumeisturunum. Það var helst að ég var ósáttur við fyrri hálfleikinn gegn Svíum en þar var varnarleikurinn alls ekki góður. Seinni hálfleikurinn var svo fínn," segir Sigurður Ragnar.

Hann var svo ánægður með 1-0 sigurinn gegn Kína á mánudaginn en segir að leikmenn hafi verið þreyttir gegn Dönum í gær. Meiðsli hafi líka sett strik í reikninginn. „Ég valdi 21 leikmann í landsliðshópinn fyrir þessa ferð en var svo bara með þrjá nothæfa varamenn á bekknum í þessum leik. Ég hef aldrei lent í svo miklum vandræðum vegna meiðsla leikmanna síðan ég tók við liðinu," segir Sigurður Ragnar.

„Það jákvæða er þó að óreyndir leikmenn fengu tækifæri til að spreyta sig og sumir þeirra stóðu sig mjög vel og stimpluðu sig mjög vel inn í landsliðið með sinni frammistöðu. Elísa Ósk Viðarsdóttir stóð sig vel, Rakel var góð í hægri bakverðinum og Guðný Björk Óðinsdóttir var góð. Ég var ekki bara að horfa á úrslitin heldur að finna rétta liðið fyrir leikinn gegn Belgíu."

Sigurður Ragnar hefur ekki afskrifað neinn leikmann fyrir leikinn gegn Belgíu þrátt fyrir meiðslin. „Auðvitað er ástand þeirra leikmanna misjafnt en ég bind vonir við að flestir verði búnir að jafna sig fyrir leikinn."

Hann segist sáttur við sjötta sætið á Algarve. „Þetta er mjög sterkt mót og öll liðin fyrir ofan okkar eru hærra skrifuð en við. Það er meira að segja eitt lið fyrir neðan okkur sem er hærra skrifað [Noregur]. Við verðum að vera sátt við það."

eirikur@frettabladid.is



**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR**



**LIONEL MESSI** Skoraði fimm. MYND/AP

Stórsigur Barca á Leverkusen:

## Meistari Messi

**FÓTBOLTI** Lionel Messi og félagar í Barcelona sýndu enga miskunn í gærkvöldi þegar þeir slógu þýska liðið Bayer Leverkusen út úr sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Barcelona vann leikinn 7-1 og þar með samanlagt 10-2. Messi skoraði fimm og hefur skorað 12 mörk í 7 leikjum í keppninni í ár.

Lionel Messi skoraði tvö mörk í fyrri hálfleiknum, það fyrra á 25. mínútu með laglegri vippu eftir glæsilega stungusendingu frá Xavi og það síðara á 42. mínútu eftir sendingu frá Andrés Iniesta. Barcelona vann fyrri leikinn 3-1 og úrslitin voru því ráðin í hálfleik.

Messi var búinn að innsigla þrennuna eftir fjögurra mínútna leik í seinni hálfleik og bætti síðan við tveimur mörkum áður en yfir lauk. Varamaðurinn Cristian Tello skoraði hin tvö mörkin.

- óój






JENSEN´S TILBÚNIR RÉTTIR
Buff stroganoff
Favorit pottréttur
Mörbrad gryde

Jensen's vörur í úrvali

**Jensen´s sósur**
- þarf aðeins að hita frábærar með öllum mat






**Jensen´s**
- Tsatziki köld sósa



GOTT VERÐ 899 kr/kg

**Svínasíða**
ribbensteg að dönskum sið



GOTT VERÐ 1.799 kr/kg

**Fylltar svínalundir**
með gráðosti



GOTT VERÐ 1.198 kr/kg

**Hamborgarhryggur**
að dönskum sið



GOTT VERÐ 899 kr/kg

**Svínabuff**
að dönskum sið

Direkte fra Danmark



**Graasten brauðsalöt**
9 tegundir

Direkte fra Danmark




**Hot dog pylsur, pylsubrauð og dressing**
allt sem þú þarft í danska Pølse

Direkte fra Danmark




GOTT VERÐ 679 kr/stk

**Jaka Bov skinka**

Direkte fra Danmark



**Víking rúgbrauð**
ekta danskt

Direkte fra Danmark




**Guf danskt ískrem**
jarðaberja, þarf aðeins að þeyta

Direkte fra Danmark




**Toms súkkulaðistykki**
5 tegundir

Direkte fra Danmark



**Spunk töflur**
hlaup og lakkrís

Direkte fra Danmark



**Sambakossar**
2 tegundir

Nyheder på danske dage



GOTT VERÐ 399 kr/stk

**Sambökuð rúnstykki**
Nýtt

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 18. mars á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**> Stöð 2 Sport kl. 19.50**
**Man. Utd. - Athletic Bilbao**

***Bein útsending frá leik Manchester United og Athletic Bilbao. Þetta er fyrri leikur liðanna í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar. Í dag er einnig sýnt beint frá leik Sporting Lissabon og Manchester City kl. 17.50 og leik Standard Liege og Hannover klukkan 20.00 á Sport 3 en Birkir Bjarnason leikur með Standard Liege.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SAKNAÐI SIMONS COWELL

# *Þorðu ekki að segja sannleikann*

American Idol er í fullum gangi þessa dagana og dómararnir Jennifer Lopez, Randy Jackson og hinn skemmtilegi Steven Tyler hafa haft í nógu að snúast við að vísa þeim úr keppni sem ekki eru nógu góðir fyrir lokahópinn.

Síðasti þáttur var því miður uppfullur af leiðinlegum og oft væmnum lögum sem sum hver voru frekar illa flutt. Stundum var erfitt að sitja undir þessum ósköpum en það hafðist engu að síður. Það sem var öllu verra var að dómararnir höfðu ekki kjark til að segja hvað þeim bjó í brjósti. Þrátt fyrir lélegan flutning voru þeir allir í hlutverki góðmennisins og létu allt neikvætt tal kyrrt liggja. Þetta viðurkenndi Jackson í þættinum sem var tekinn upp kvöldið eftir.



Þarna saknaði ég Simons Cowell sem átti aldrei í erfiðleikum með að tala tæpitungulaust og láta keppendurna hafa það óþvegið ef svo bar undir. Aðrir voru í því að peppa keppendurna upp. En þegar allir þrír dómararnir eru farnir að peppa upp þarf að stokka spilin upp á nýtt og Jackson má eiga það að hann þorði að viðurkenna mistökin.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Sólskinshestur **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.05** Víðsjá **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperla: Fjallkonur fyrr og nú, brot úr sögu íslenskra kvenna **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)
**15.50 Kiljan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.31 Sögustund með Mömmu Marsibil** (32:52)
**17.42 Fæturnir á Fanneyju** (32:39)
**17.54 Grettir** (5:54)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (27:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (9:9)
**20.40 Andraland** (1:7) Andri Freyr Viðarsson flandrar um Reykjavík. Hann kemur víða við, skoðar áhugaverða staði, lendir í ýmsu klandri og spjallar við skemmtilegt fólk.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (11:23) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (119:138) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** (6:20) (Borgen) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (113:175)
**10.15 White Collar**
**11.00 Celebrity Apprentice** (6:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Nick & Norah's Infinite Playlist** Rómantísk gamanmynd með Michael Cera og Kat Dennings í aðalhlutverkum um ungt fólk, Nick og Noruh, sem kynnist á tónleikum og lenda saman í merkilegum og bráðfyndnum ævintýrum yfir heila nótt í New York.
**14.25 E.R.** (21:22)
**15.10 Friends** (24:24)
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (14:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (16:22)
**19.40 Perfect Couples** (3:13)
**20.05 The Amazing Race** (3:12) Fimmtánda þáttaröðin af einum vinsælasta raunveruleikaþætti síðari ára. Keppendur þurfa sem fyrr að flakka heimshornanna á milli og leysa úr ýmsum þrautum á leiðinni í von til þess að vinna ýmsileg verðlaun á leiðinni og að verða fyrst í mark.
**20.50 Alcatraz** (5:13)
**21.40 NCIS: Los Angeles** (12:24)
**22.25 Rescue Me** (4:22)
**23.10 Spaugstofan**
**23.40 The Mentalist** (11:24)
**00.25 Homeland** (1:13)
**01.20 Boardwalk Empire** (4:12)
**02.15 Terra Nova**
**03.00 Nick & Norah's Infinite Playlist**
**04.25 Alcatraz** (5:13)
**05.10 The Simpsons** (14:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meist.**
**07.50 Þorsteinn J. og gestir: meist.**
**08.40 Þorsteinn J. og gestir: meist.**
**13.55 Tottenham - Stevenage** Útsending frá leik í ensku FA bikarkeppninni.
**15.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur
**17.25 Þorsteinn J. og gestir: meist.**
**17.50 Sporting - Man. City** BEINT frá leik í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**19.50 Man. Utd. - Athletic Bilbao** BEINT frá leik í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**22.00 Standard - Hannover** Útsending frá leik í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**23.45 Sporting - Man. City**
**01.30 Man. w. - Athletic Bilbao**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Newcastle - Sunderland**
**18.10 Wigan - Swansea**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 2002/2003** Öll glæsilegustu mörk þessarar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar.
**22.20 Football League Show**
**22.50 Blackburn - Aston Villa**

## EXTRA

**19.50 The Doctors** (65:175)
**20.30 In Treatment** (43:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 New Girl** (4:24)
**22.15 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (10:10)
**22.45 Mildred Pierce** (1:5)
**23.45 Gossip Girl** (6:24)
**00.30 Pushing Daisies** (5:13)
**01.15 Malcolm In The Middle** (16:22)
**01.40 Perfect Couples** (3:13)
**02.00 In Treatment** (43:78)
**02.25 The Doctors** (65:175)
**03.05 Fréttir Stöðvar 2**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Innlit/útlit** (4:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Innlit/útlit** (4:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.55 Minute To Win It** (e)
**15.40 Eureka** (9:20) (e)
**16.30 Dynasty** (7:22)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 The Firm** (2:22) (e)
**18.50 Game Tíví** (7:12) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**19.20 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.45 Will & Grace** (20:27) (e)
**20.10 The Office** (21:27).
**20.35 Solsidan** (5:10)
**21.00 Blue Bloods** (4:22) Erin ákveður að endurvekja rannsókn sem faðir hennar stjórnaði fyrir átján árum.
**21.50 Flashpoint** (10:13) Fyrrum lærfaðir Spikes, McCoy, flækist inn skotárás á lögreglumann. Spike á erfitt með að trúa nokkru misjöfnu upp á McCoy og leitar sannleikans í málinu.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 Law & Order UK** (1:13) (e)
**00.10 Jonathan Ross** (15:19) (e)
**01.00 Hawaii Five-0** (5:22) (e)
**01.50 Blue Bloods** (4:22) (e)
**02.40 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Honda Classic 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** The Honda Classic 2012 (4:4) **17.40** PGA Tour - Highlights (9:45) **18.35** Inside the PGA Tour (10:45) **19.00** World Golf Championship 2012 (1:4) **23.00** US Open 2008 - Official Film **00.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

## BBC entertainment

**06.35** 'Allo 'Allo! **08.15** New Tricks **10.00** Come Dine With Me **10.50** EastEnders **11.20** Come Dine With Me **12.10** My Family **13.10** My Family **13.40** 'Allo 'Allo! **15.45** QI **16.45** The Best of Top Gear **17.40** Top Gear **18.25** Come Dine With Me **19.15** QI **20.15** Top Gear **21.00** Lee Evans Live in Scotland **21.55** Derren Brown: How To Be A Psychic Spy **22.45** 'Allo 'Allo! **23.55** 'Allo 'Allo! **00.55** New Tricks **02.40** Lee Evans Live in Scotland **03.35** Top Gear **04.20** Live at the Apollo **05.05** The Weakest Link **05.50** The Vicar of Dibley

## DR 1

**12.05** Ha' det godt **12.35** Aftenshowet **13.30** Spise med Price **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Dyk Olli dyk **15.15** Timmy-tid **15.25** Min farfars rekordbog **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamies mad på 30 minutter **17.25** OBS **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Sporløs **19.30** Nye hvide verden **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Mord i familien **21.50** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **22.20** OBS **22.25** Lykke

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Gå fint i band **13.00** NRK nyheter **13.05** Folk **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Ut i naturen **15.40** V-cup hopp **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Team Bachstad **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Fremmed i Norge **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Lilyhammer

## SVT1

**12.00** Dag **12.25** Den sjungande trappuppgången **13.25** Minnenas television **14.20** Strömsö **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Via Sverige **15.45** Det ljuva livet i Alaska **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** Bästa frisören **22.35** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.45** Det ljuva livet i Alaska **23.30** Anslagstavlan

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** You tube spjallið

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 The House Bunny**
**10.00 Time Traveler's Wife**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 The House Bunny**
**16.00 Time Traveler's Wife**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 Fired Up**
**22.00 My Blueberry Nights**
**00.00 Pineapple Express**
**02.00 Mirror Wars: Reflection One**
**04.00 My Blueberry Nights**
**06.00 You Again**

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




8.-25. mars - Miðhrauni 2 - Garðabæ

# SPORT OUTLET

# 40% - 50%

## Afsláttur af ÖLLUM vörum

Valdar vörur á 1000 & 2000 kr.

Fatnaður og skór fyrir börn og fullorðna

INTERSPORT

SPORTÍS
Heildverslun

adidas asics CINTAMANI WWW.CINTAMANI.IS casall®

Miðhrauni 2 - Garðabæ. **OPIÐ:** Virka daga: 12 – 18 Helgar: 11 – 17

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Til að koma mér í gang á morgnana hlusta ég á útvarpsþáttinn Virkir morgnar á Rás 2. En þess á milli er það Metallica.“*

Steinn Óskar Sigurðsson, matreiðslumeistari á Silfurtunglinu.

# Gerir allt vitlaust þriðja hvern dag

„Ég treysti mér alveg til að gera allt vitlaust þriðja hvern dag,“ segir Eiríkur Jónsson. Blaðamaðurinn umdeildi er í þann mund að setja í loftið vefsíðuna Eirikurjonsson.is.

„Þetta er nýr vefur sem byggir á löngum ferli mínum. Ég hef verið að blogga á Eyjunni með 35 til 40 þúsund lesendur á viku og þetta byggir á því. En það verður meira á síðunni og þetta verður nýstárlega sett upp.“ Búið er að stofna hlutafélagið Eiríkur Jónsson ehf. og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins koma fjársterkir aðilar að því.

Eiríkur kveðst ekki ætla að elta aðra netmiðla enda sjái þeir sjálfir um að elta hver annan. Nýjar fréttir í hinum sérstæða stíl hans verða í fyrirrúmi og í framtíðinni verður sjónvarp á síðunni þar sem gamlir viðtalsþættir hans verða hugsanlega endurvaktir. „Þetta verður eins og fjölmiðill en algjörlega á mínum forsendum.“

Eiríkur hefur komið víða við á blaðamannaferli sínum. Undanfarið hefur hann bloggað á Eyjunni en þar áður var hann einnig blaðamaður á Pressunni. Netið á hug hans allan enda segir hann framtíðina vera þar. „Ég ætla ekki að koma hægt og hljótt inn í þetta. Þessi vefsíða byggist á þessari tröllatrú sem ég hef á netinu til framtíðar. Sá sem er búinn að koma sér sæmilega fyrir á netinu hefur mikið forskot.“ Spurður hvort stofnun síðunnar eigi sér langan aðdraganda neitar Eiríkur því. Ástandið í samfélaginu hafi kallað á að hann gerði eitthvað upp á eigin spýtur. „Ef þú ætlar að biðja um vinnu einhvers staðar þá er sagt: „Við vorum að reka sex áðan.“ Það er allt lamað í samfélaginu og hvað gerirðu þá? Þá verðurðu að skapa.“

- fb



**Á EIGIN FORSENDUM** Eiríkur Jónsson ætlar að vera á eigin forsendum á vefsíðunni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


# Til hamingju, Vigdís!

Vigdís Grímsdóttir hlaut
Menningarverðlaun DV
fyrir bók sína TRÚIR ÞÚ Á TÖFRA?




★★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

★★★★★
„Þetta er sannkallað meistaraverk.“
Steingrímur Sævarr Ólafsson / pressan.is

„Þetta er afskaplega fallega skrifuð bók.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu


UNNAR HELGI DANÍELSSON: HJÁLPUM ÞEIM AÐ LOSA BINDISHNÚTINN

# Lóðsar milljarðamæringa um næturlíf Reykjavíkur

„Það er ekki gert nóg til að markaðssetja næturlífið í Reykjavík en ég er að vinna í að gera það,“ segir Unnar Helgi Daníelsson, eigandi viðburðafyrirtækisins Reykjavik Rocks sem sérhæfir sig í að lóðsa erlenda ferðamenn um Ísland og þá helst sýna þeim næturlíf Reykjavíkurborgar.

Níu mánuðir eru síðan Unnar stofnaði fyrirtækið Reykjavik Rocks en fyrirtækið er í mikilli sókn og nú starfa þar tólf manns. Helstu viðskiptavinir fyrirtækisins eru vel stæðir útlendingar sem vilja skemmta sér á Íslandi. „Þetta eru einstaklingar sem hafa mikið á milli handanna en vilja geta losað um bindishnútinn á Íslandi og skemmt sér. Við hjálpum þeim að gera það.“

Unnar Helgi hefur séð um ferðir frægra á Íslandi svo sem Sean Parker, annars stofnenda Facebook, leikkonunnar Liv Tyler, rapparans Busta Rhymes og leikarans Jared Leto. Hann vill þó ekki gefa upp nánar upplýsingar um dvöl þeirra hérlendis. „Ég held miklum trúnaði við mína viðskiptavini en mestan part hefur þetta snúist um að skemmta sér í Reykjavík. Það er nokkuð síðan Jared Leto kom til landsins ásamt bróður sínum og tók ég þá með mér í lambalæri til mömmu. Þeim fannst það frábært,“ segir Unnar Helgi og bætir við að vinasamband myndist oftast á milli hans og viðskiptavinanna.

Fyrirtækið tekur að sér að skipuleggja afþreyingu fyrir hópa jafnt sem einstaklinga en samkvæmt heimasíðu þeirra, Reykjavikrocks.is, eru möguleikarnir endalausir á Íslandi.

„Við getum skipulagt allt milli himins og jarðar. Síðustu helgi var ég með 28 ára milljarðamæring frá Hollandi sem kom einn og vildi hafa gaman. Ég sýndi honum næturlífið og fór svo með hann í þyrluferð um landið.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## REYKJAVÍK HEILLAR

Á níu mánuðum hefur viðburðafyrirtæki Unnars Helga Daníelssonar, Reykjavík Rocks, verið í mikilli sókn en það sérhæfir sig í að skipuleggja skemmtiferðir til Íslands fyrir vel stæða útlendinga. **Jared Leto** og **Liv Tyler** eru á meðal þeirra sem hafa notið leiðsagnar Unnars og félaga.



Í þessum mánuði er fyrirtækið að skipuleggja dvöl 300 útlendinga á vegum CCP-tölvuleikjaframleiðandans á Íslandi og er Unnar strax byrjaður að fá bókanir fyrir komandi sumar. „Það stefnir í brjálað sumar hjá okkur og við erum samhentur hópur sem vinnum hérna. Það er augljóslega markaður fyrir svona fyrirtæki á Íslandi en bara í gærkvöldi gekk ég frá þremur bókunum fyrir sumarið.“

En hvað er það sem helst heillar útlendingana við land og þjóð að mati Unnars? „Auðvitað er það náttúran sem heillar og svo skemmtilegt næturlíf. En ég verð líka að vera hreinskilinn og segja að stelpurnar heilla. Margir vilja kynnast íslenskum stelpum.“

alfrun@frettabladid.is

# Lebowski-gestum fjölgar ört

Hin árlega Big Lebowski-hátíð verður haldin á laugardagskvöld í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð.

Mikið hefur breyst síðan keppnin var fyrst haldin fyrir sex árum. „Þá mættu fimmtán og ég þekkti alla með nafni,“ segir Svavar H. Jakobsson, sem skipuleggur keppnina ásamt Ólafi H. Jakobssyni. Í fyrra voru gestirnir 110 talsins, sem er metþátttaka.

Hátíðin er haldin fyrir aðdáendur gamanmyndarinnar The Big Lebowski frá árinu 1998. Gestir klæða sig upp sem persónur úr myndinni, drekka Hvítan Rússa, fara í keilu og skiptast á ódauðlegum frösum úr myndinni, sem hefur öðlast „költ“ fylgi síðustu árin. Í ár verður í fyrsta sinn haldin spurningakeppni og vonast Svavar eftir góðum viðbrögðum.

Til marks um aukin umsvif hátíðarinnar hafa þeir félagar ráðið aðstoðarmann til að hjálpa þeim með framkvæmdina á laugardaginn. „Það var orðið svolítið mikið að gera síðast. Hann er ekkert á neinum dúndurlaunum en hann fær eitthvað fyrir sinn snúð.“

Verðlaun verða veitt fyrir efstu sætin í búningakeppninni, besta skorið í keilu, ásamt Achiever-heiðursverðlaunum. Miðasala fer fram á Bolur.is og er miðaverð 2.800 krónur inn. Innifalið er þátttaka í hátíðinni, keila, bjór og Lebowski-stuttermabolur.

- fb



**LEBOWSKI-AÐDÁENDUR** Svavar og Ólafur Jakobssynir heiðra húðlata friðarsinnann, Lebowski, á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


TÓNLIST.IS KYNNIR MEÐ STOLTI
HANDHAFA 17 GRAMMY VERÐLAUNA
TONY BENNETT
Eldborg Hörpu föstudaginn 10. ágúst
MIÐASALA HEFST
Í DAG KL. 10!
Tónlist.is
MIÐASALA Í MIÐASÖLU HÖRPU, Á HARPA.IS, MIÐI.IS OG Í SÍMA 528 5050.
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



NOVA
LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ **ORATORS**
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spilar í „geimskipi“

Tónlistarmaðurinn **Davíð Berndsen** flutti til Portúgal í haust og hefur dvalið þar síðan ásamt Guðrúnu Harðardóttur, kærustunni sinni. Berndsen hyggst láta að sér kveða í Porto í byrjun apríl. Hann kemur fram á tónleikum í Casa da Música, sem er risavaxið tónlistarhús þar í borg. Hann ku vera sérstaklega ánægður með húsið, enda lítur það út eins og risastórt geimskip úr vísindaskáldsögu.



### Formlega á sextugsaldri

Sá siður færist stöðugt í vöxt að fólki sé óskað til hamingju með afmælið á Facebook-síðum. Þá telst til góðra nethátta að þakka fyrir sig. Þann háttinn hafði á **Sigmundur Ernir Rúnarsson** þingmaður sem í gær setti inn stöðuna: „Þakka öllum góðum vinum aldeilis kærar afmæliskveðjur. Ku maður ekki vera kominn núna formlega á sextugsaldurinn? Ja, lífið bara vex…“ Fer Sigmundur Ernir nærri með að vera búinn að stimpla sig inn í sextugsaldurinn, enda varð hann í vikunni 51 árs gamall. Formlega komst hann hins vegar á sextugsaldurinn fyrir ári, þegar hann skreið inn á 51. aldursár.

**- afb, óká**



## Mest lesið vísir

1. Facebook lá niðri í fjölda landa í morgun
2. FBI gekk á milli bols og höfuðs á tölvuþrjótahópnum Lulzsec
3. Verjandinn of seinn í skýrslutökur yfir Baldri
4. Skúli hafði rætt við árásarmanninn í klukkustund
5. Farið fram á sex ára fangelsi - fórnarlambið minnislaust





